

**Nd. 681. Frumvarp til laga**

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Allir skólar, þeir sem kostaðir eru eða styrktir af almannafé, mynda samfellt skólakerfi.

**2. gr.**

Skólakerfið skiptist í þessi fjögur stig: 1. barnafræðslustig, 2. gagnfræðastig, 3. menntaskóla- og sérskólastig, 4. háskólastig.

Á barnafræðslustiginu eru barnskólar. Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar. Á menntaskóla- og sérskólastiginu eru menntaskólar og sérskólar. Á háskólastiginu er háskóli.

**3. gr.**

Barnaskólar eru fyrir börn á aldrinum 7—13 ára. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.

#### 4. gr.

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barna-  
prófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því,  
á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur  
neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til  
framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur  
neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það  
veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er  
kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í  
sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslu-  
málastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræða-  
skóla óska þess. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf,  
sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagn-  
fræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs  
við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

#### 5. gr.

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir  
eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til  
háskólanáms. Ákvæði laga þessara hagma ekki rétti Verzlunarskóla Íslands til að braut-  
skrá stúdenta.

Um sérskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

#### 6. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt við-  
bótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir,  
eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

#### 7. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af  
almannafé.

#### 8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðslu-  
ráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða  
fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlut-  
aðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslu-  
málastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

#### 9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita  
styrk til þess af almannafé.

#### 10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjár-  
framlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum  
fyrir skóla hvers stigs.

#### 11. gr.

Lög þessi taka gildi 1. febrúar 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—  
1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi  
fræðsluráð.

**Sp.**

**682. Þingsályktun**

um rannsókn hveraorku á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

(Afgreidd frá Sp. 2. apríl).

Samhljóða þskj. 531.

**Sp.**

**683. Þingsályktun**

um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

(Afgreidd frá Sp. 2. apríl).

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenskum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvisir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem ósæmilegir séu að almenningsáliti.

**Nd.**

**684. Frumvarp til laga**

um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja síld í dósir.

Til þess að standast kostnað af byggingu verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 3 millj. kr. lán.

2. gr.

Tilgangur verksmiðjunnar er að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu síldar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja, sem reistar kunna að verða á landinu.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjuna til þriggja ára í senn. Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed.**

### **685. Frumvarp til laga**

um breyting á l. nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf annarrar málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 300 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 320 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 340 krónur og svo framvegis, þannig að launin hækka um 20 krónur fyrir hverja 50 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóra laun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1946.

#### **Greinargerð.**

Nú þegar laun starfsmanna ríkisins nær allra hafa verið stórhækkuð, þá er það einn flokkur manna, er laun taka úr ríkissjóði, hreppstjórar, sem enga launahækkun hefur fengið, og eru þó störf þeirra margra umsvifamikil og allmargbrotin. Í frv. þessu er lagt til, að laun hvers hreppstjóra hækki aðeins um kr. 200.00 á ári, og munu fáir telja, að hér sé lengra farið í kröfum en nauðsyn er til.

**Ed.**

### **686. Nefndarálit**

um frv. til l. um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur lesið frv., kynnt sér efni þess og borið saman við lög um virkjun Sogsins, svo sem þau eru nú. Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1946.

Gísli Jónsson,  
form.

Páll Hermannsson,  
fundaskr., frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson.

**Nd.**

### **687. Frumvarp til laga**

um áhrif kjötverðs á framfærsluvisitölu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við útreikning visitölnunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í visitölnunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og visitöluverði kjöts þess, er um ræðir í 1. gr., skulu menn, með undantekningum þeim, er í 3. gr. segir, má endurgreiddan árlega úr ríkissjóði

frá 20. sept. 1945. Niðurgreiðslan skal þó eigi nema meiru en sem svarar verðmismun á 40 kg á nýju kjöti á ári fyrir hvern mann og hvern þann, er hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi skulu um leið og samin er skrá um tekju- og eignarskatt, semja skrá um alla þá, sem rétt eiga á niðurgreiðslu á tímabilinu frá 20. sept, næst á undan til jafnlengdar, og skal skráin miðast við síðasta manntal. Um framlenging kjötskrár, kærur, fresti og úrskurði fer eftir ákvæðum þeim, er gilda um skattskrár, eftir því sem við á, þó þannig, að úrskurður yfirskattanefndar um rétt til niðurgreiðslu er fullnaðarúrskurður.

Gjalddagi niðurgreiðslna er á manntalsþingum, og er heimilt að nota þær til skuldajafnaðar við ógreidd þinggjöld hlutaðeigandi.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ríkisstjórnin skal láta fram fara endurskoðun á þeim og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu á tímabilinu frá 20. sept. til 20. des. 1945 fer samkv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 81 frá 29. sept. 1945. Niðurgreiðslur fyrir tímabilið frá 20. des. 1945 til 20. sept. 1946 falla í gjalddaga á manntalsþingum 1946.

**Sþ.**

**688. Nefndarálit**

um till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þessarar tillögu í fjárveitinganefnd. Með skírskotun til ástæðna þeirra, sem færðar eru fram fyrir tillögunni í greinargerð þeirri, er henni fylgir, leggur meiri hl. fjárveitinganefndar til, að tillagan verði samþykkt með þessari

**BREYTINGU:**

Á eftir orðinu endurgreiða komi: útvegsmönnum.

Steingr. Aðalsteinsson óskar að taka fram, að hann telur, að öruggara hefði verið um framkvæmd málsins, ef efni tillögunnar hefði verið samþ. sem breyting á lögum um tollskrá, en vill eftir atvikum fallast á, að þessi leið sé farin.

Alþingi, 3. apríl 1946.

Pétur Ottesen,  
frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Skúli Guðmundsson.

Helgi Jónasson.

Steingr. Aðalsteinsson.  
Þórður Benediktsson.

B. Kristjánsson.

**Nd.**

### **689. Nefndarálit**

um frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið var athugað og rætt, og ákvað nefndin að mæla með frumvarpinu í heild, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum við það.

Alþingi, 3. apríl 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson,  
form.

Ingólfur Jónsson,  
fundaskr.

Einar Olgeirsson,  
frsm.

Hallgr. Benediktsson.

Skúli Guðmundsson.

**Nd.**

### **690. Breytingartillögur**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Hermanní Jónassyni.

1. Við 25. gr. Greinin orðist svo: Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Séu 2 sýslur í fræðsluhéraði, skal sú sýslan, sem fjölmennari er, kjósa 3 fræðsluráðsmenn, en hin tvo. Fræðslumálastjórn skipar formann úr hópi fræðsluráðsmanna. Hlutverk fræðsluráðs er að hafa á hendi stjórn sameiginlegra skólamála fræðsluhéraðsins. Fræðslumálastjórn setur fræðsluráði erindisbréf.
2. Við 26. gr. 1. málsg. orðist svo:  
Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd skipuð 3 mönnum. Skulu þeir kosnir af nýkosinni sveitarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar formann úr þeirra hópi. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef krafa kemur fram um það. Ef tveir eða fleiri hreppar eru í skólahverfi, skal skólanefnd kosin á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi hreppsnefnda og má þá vera skipuð 5 mönnum. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Kjörtímabil skólanefnda og fræðsluráða skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

**Ed.**

### **691. Breytingartillögur**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 13. gr. 2. málsg. orðist svo:  
Heimavistar skólum skulu fylgja íbúðir fyrir skólastjóra og kennara, eftir því sem viðkomandi skólanefndir og fræðslumálastjórn telja nauðsynlegt. Telst sá kostnaður, sem af því leiðir, með í stofnkostnaði þessara skóla. Nauðsynleg skólahúsgögn barnaskólanna teljast og með í stofnkostnaði.
2. Við 16. gr. Á eftir orðinu „kennaraprófi“ í fyrri málsgrein komi: eða hafi aðra sambærilega menntun að dómi fræðslumálastjóra.

3. Við 17. gr. Greinin fellur niður.
4. Við 24. gr. Aftan við greina bætist nýr málslíður, er orðist svo: Ráðherra ákveður þóknun til fræðsluráðsfulltrúa, og greiðist hún úr rikissjóði.
5. Við 29. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., er orðist svo:  
Eigi er heimilt að veita manni skólástjórastöðu eða kennarastöðu gegn einróma mótmælum viðkomandi skólanefndar.

**Ed.**

## **692. Breytingartillögur**

við frv. til l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaup-  
túnum.

Frá Hermanni Jónassyni.

1. Við I.—III. kafla (1.—39. gr.). Kaflarnir falli niður, en í stað þeirra komi tveir nýir kaflar með 9. greinum, er orðist svo:

### **I. KAFLI**

#### **Um byggingarlánasjóð.**

##### **1. gr.**

Stofna skal byggingarlánasjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf í kaupstöðum og kaup-  
túnum. Sjóðurinn heitir byggingarlánasjóður.

##### **2. gr.**

Byggingarlánasjóður lánar fé til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og kaup-  
túnum með þeim skilyrðum og kjörum, er í lögum þessum segir. Kaup-  
tún telst í þessum lögum þorp eða byggðahverfi með minnst 10 fjölskyldum, enda hafi engin  
þeirra svo mikið jarðnaði, að talizt geti löghýli. Verði ágreiningur um þetta atriði,  
sker félagsmálaráðuneytið úr.

##### **3. gr.**

Í stjórn byggingarlánasjóðs skulu vera fimm menn og jafnmargir varamenn,  
valdir til fjögurra ára í senn. Kýs Alþingi fjóra þeirra með hlutfallskosningu, en fé-  
lagsmálaráðherra skipar einn, og er hann formaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin  
með sér verkum. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lán-  
veitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem ráðuneytið setur. Skal hvert bygg-  
ingarfélag, sbr. 6. gr., vera sérstök deild í sjóðnum með aðgreindu reikningshaldi.  
Heimilt er þó stjórn sjóðsins að lána fé sjóðsins milli deilda, ef hún telur það fært  
og nauðsynlegt.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftir-  
lit með, að byggingarfélög sjóðsins gæti skyldna sinna, sbr. 7. gr., má stjórnin setja  
trúnaðarmann, einn eða fleiri, á hverju byggingarfélagssvæði.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðast úr rikissjóði, og ákveður  
félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi byggingarfélag.

Sveitarstjórnir sveitarfélaga þeirra, er byggingarfélög starfa í, hafa rétt til, hver  
á sínu svæði, að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi byggingarfélags  
og allri starfsemi þess, svo og að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfé-  
lagsins, ef það telur, að félagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar.  
Slikri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra til úrskurðar.

Ráðuneytið úrskurðar reikninga byggingarlánasjóðs, en Alþingi kýs með hlut-  
fallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

#### 4. gr.

Tekjur byggingarlánasjóðs eru:

- a. Sveitarsjóðir, sbr. 6. gr., greiða árlegt tillag í sjóðinn, sem nemur 4 krónum fyrir hvern heimilisfastan íbúa kaupstaðarins eða kaupsins samkv. manntali næsta ár á undan. Sé kaupsins aðeins hluti úr hreppi, skal tillagi þessu jafnað niður á þá íbúa kaupsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.
- b. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð í byggingarlánasjóð, sem nemur tvöföldu tillagi sveitarsjóðanna.

Umrædd árgjöld samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar greiðast með verðlagsuppbót, sem ákveðst af verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er 1. okt. það ár, sem gjöldin eiga að greiðast.

- c. Innlánsfé, sem fengið er með þeim hætti, að stofnuð er innlánsdeild byggingarlánasjóðs, þar sem félagsmönnum hinna ýmsu byggingarfélaganna er gefinn kostur á að leggja inn sparifé sitt gegn því, að þeir geti fengið íbúðarhús hjá félaginu, þegar innlánsféð hefur náð tiltekinni upphæð. Byggingarfélagin veiti innlánsfé móttöku og skrásetji það, en sendi síðan byggingarlánasjóði. Stjórn byggingarlánasjóðs getur falið sparisjóðum og hönkum að annast þessa starfsemi, enda sjái stjórn byggingarlánasjóðs um, að þar séu til innlánsbækur, sem sérstaklega eru auðkenndar sem innlánsbækur byggingarlánasjóðs og í séu skráðar helstu reglur um þetta innlánsfé.

Ráðuneytið gefur út reglugerð um innlánsstarfsemi byggingarlánasjóðs, þar sem nánar er ákveðið um starfsemi þessa.

- d. Lánsfé, sem aflað er með sölu vaxtabréfa, er ríkissjóður ábyrgist, eða fengið að láni á annan hátt með ábyrgð ríkissjóðs.

Tekjur byggingarlánasjóðs samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar eru sér-eign viðkomandi byggingarfélags.

Byggingarlánasjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkisábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

#### 5. gr.

Byggingarlánasjóður lánar viðurkenndum byggingarfélagum fé til íbúðarhúsa-bygginga, ef þau fullnægja settum skilyrðum, sbr. 7. gr.

A-flokkur. Láns hæð allt að 85% af kostnaðarverði húsa, lánstími 42 ár; ársvextir og afborganir 3½%.

B-flokkur. Láns hæð allt að 85% af byggingarkostnaði, lánstími 42 ár, ársvextir og afborganir 5%.

Öll lán, sem byggingarlánasjóður veitir, skulu vera tryggð með 1. veðrétti í íbúðum þeim, sem lánin eru veitt til að byggja. Enn fremur séu þau tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Lánin séu jafnan affallalaus.

Stjórnir byggingarfélaganna á hverjum stað gera tillögur um lánskjörin til stjórnar byggingarlánasjóðs með hliðsjón af óskum, efnahag og ástæðum lántakenda, en stjórn byggingarlánasjóðs úrskurðar endanlega um þau. Að jafnaði skal miða lánveitingar til einstakra byggingarfélaganna við það, að árlegar tekjur þeirra samkvæmt a- og b-liðum 4. gr. nægi til að greiða vaxtamismuninn, sem lánveitingarnar hafa í för með sér.

## II. KAFLI

### Um byggingarfélag.

#### 6. gr.

Stofna skal byggingarfélag í hverjum kaupstað og kaupsins, sbr. 2. gr., ef minnst 10 menn innan sveitarfélagsins koma sér saman um það og setja sér samþykktir, sem stjórn byggingarlánasjóðs samþykkir. Þegar slíkt félag er löglega stofnað og



viðurkennt af stjórn byggingarlánasjóðs, er hlutaðeigandi sveitarfélag orðið gjaldskylt til byggingarlánasjóðs, sbr. 4. gr., a-lið, og byggingarfélagið jafnframt orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, er lög þessi veita.

Gjaldskylda sveitarsjóðs samkv. 1. mgr. þessarar greinar fellur niður, ef hlutaðeigandi byggingarfélag hefur ekki hafið byggingarframkvæmdir innan 10 ára frá stofnun eða á í sérsjóði sínum handbært fé, sem nemur 10 ára tillagi, samkv. a- og b-liðum 4. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarfélaga fer eftir ákvæðum samþykktu þeirra, er stjórn byggingarlánasjóðs staðfestir.

Í hverju sveitarfélagi skal vera eitt byggingarfélag. Heimilt er þó að skipta byggingarfélagi í deildir, er hafa sérsamþykktir, þegar 15 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn byggingarlánasjóðs. Fjárhagur deilda innan sama byggingarfélags er þó alltaf sameiginlegur.

#### 7. gr.

Byggingarfélög eiga rétt til að fá lán úr byggingarlánasjóði, enda séu þau löglega stofnuð, sbr. 6. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélags sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður skipaður af félagsmálaráðherra. Hina stjórnarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af félagsmönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína eða þar, sem það hentar betur, leggi þeim til faglega aðstoð við byggingarnar eða hafi eftirlit með, að þær séu gerðar samkvæmt uppdráttum og áætlunum þar um.
3. Að húsin séu vönduð, með venjulegum nútímaþægindum og falli inn í ramma byggingarskipulags á staðnum, ef til er. Rúmtak hvernar íbúðar má ekki fara fram úr 350 m<sup>3</sup>, þegar lán er veitt í A-flokki, og ekki yfir 500 m<sup>3</sup>, ef lán er veitt í B-flokki.
4. Að félagsmenn séu fjárráða og heimilisfastir innan þess svæðis, er byggingarfélag nær yfir.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarlánasjóðs ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir kostnaðarverð.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 5—10 ára fresti, eða á eignarlóð íbúðarkaupanda. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkvæmt l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að sett sé reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsa, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsa hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
9. Að félagið hafi forkaupsrétt að íbúðum, sem félagið hefur byggt og félagsmenn vilja selja, sbr. 9. gr.
10. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að aðeins þeir félagsmenn njóti lánskjara samkvæmt a-lið 4. gr., sem eigi hafa haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal síðustu þriggja ára samkv. skattaframtali, að viðbættum 500 krónum fyrir hvern ómaga, þó eigi samtals yfir 9000 króna tekjur, né eigi yfir 10000 króna eignir. Meðan visitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við þessar upphæðir umreiknaðar til hækkunar meðalvisitölu ársins á undan.

11. Að stjórn byggingarlánasjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem félagsmálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

8. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlánir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 7. gr., 8. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Um forkaupsrétt félagsins að húseignum þeim, er það hefur byggt eða veitt lán til að byggja, fer sem hér segir:

- a. Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkv. a-lið 5. gr., mega ekki selja íbúð þá, er félagið hefur reist fyrir þá, nema stjórn félagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja íbúðina nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar, eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða þann hluta hennar, sem leigður er, að viðbætttri vísitölu þeirri, sem gildir um húsaleigu á hverjum tíma.

Börn látins félagsmanns eða ekkja hans hafa þó ávallt forkaupsrétt að íbúðinni á undan félaginu, enda gerist þau þá löglegir meðlimir þess.

- b. Félagsmenn, sem notið hafa lánskjara samkvæmt b-lið 5. gr., eru skyldir að bjóða félaginu forkaupsrétt að húsum þeim, er þeir hafa reist með aðstoð félagsins.

Verði ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna, og hlíti seljandi mati þessu, ef hann þá kys að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að framleigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir leigumálann.

Nú sannast, að félagsmaður hafi selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

Neyti stjórn byggingarfélags eigi forkaupsréttar, er eiganda heimilt að selja hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, enda gerist hann þá löglegur félagi í byggingarfélaginu.

2. Við 40.—45. gr. Greinarnar falli niður, en í staðinn komi ein grein, er orðist svo:

10. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til

hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana.

3. Við fyrirsögn IV. kafla. Orðin „og eftirlitsnefnd ríkisins með íbúðarbyggingum“ falli niður.
4. Við 46.—47. gr. Greinarnar falli niður, en í staðinn komi 10 nýjar greinar og kaflafyrirsögn þannig:

#### IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

##### 11. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag í kaupstað eða kauptúni eða það fullnægir ekki húsnæðisþörfinni, er sveitar- eða hajarstjórn heimilt að ákveða, að sveitar- eða hajarfélagið komi upp íbúðarbyggingum og hefur það þá sömu réttindi og skyldur, sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

##### 12. gr.

Einstaklingar í þorpum og byggðahverfum, sem eru minni en svo, að þau eigi rétt til að stofna byggingarfélög, sbr. 2. gr. laga þessara, eiga kost á að fá byggingarlán úr byggingarlánasjóði. Slíkum lánsbeiðnum skal fylgja umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um byggingarþörf og ástæður lánbeiðenda. Vaxtamunur, sem byggingarlánasjóður verður að borga vegna slíkra lánveitinga, skal endurgreiddur úr ríkissjóði.

Um lánveitingar samkvæmt þessari grein gilda hliðstæðar reglur, eftir því sem við getur átt, eins og um lán til byggingarfélaga, og skal um það nánar ákveðið í reglugerð.

##### 13. gr.

Stjórn byggingarlánasjóðs skal svo fljótt sem verða má koma upp og reka sérstaka teiknistofu, er geri uppdrætti að íbúðarbyggingum fyrir byggingarfélögin, og séu þeir ókeypis til afnota fyrir félögin. Skal teiknistofan og höfð í ráðum um allar þær byggingar, sem byggingarlánasjóður veitir lán til, enda verða slík lán ekki veitt, nema teiknistofan hafi áður samþykkt uppdrætti að byggingunum.

Teiknistofan skal veita byggingarfélögum hvers konar leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, sem við kemur húsagerð. Ber henni að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð og sjá til þess, að gerðar séu tilraunir um gildi þeirra, eftir því sem við verður komið.

Kostnaður við teiknistofuna greiðist úr ríkissjóði.

##### 14. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að láta gera ókeypis fyrirmyndauppdrætti til afnota fyrir byggingarfélögin, þar til er teiknistofa byggingarlánasjóðs, sbr. 11. gr., tekur til starfa.

##### 15. gr.

Byggingarfélög skulu fyrir 1. des., árið áður en þau ætla að hefja byggingar, senda stjórn byggingarlánasjóðs umsóknir um lán ásamt upplýsingum um fjölda, gerð, stærð og tilhögun þeirra íbúða, er þau ætla að byggja, ásamt upplýsingum um fjárhag væntanlegra íbúðarkaupenda.

16. gr.

Séu í gildi í landinu ákvæði um innflutning byggingarefnis, ber byggingarfélögum, sem starfa samkv. lögum þessum, réttur til innflutningsleyfa og gjaldeyris vegna kaupa á efni til byggingar íbúðarhúsa hlutfallslega á við aðrar hliðstæðar stofnanir eða einstaklinga.

17. gr.

Þau byggingarfélög, sem starfandi eru samkv. lögum nr. 3 frá 1935 og nr. 71 frá 1938, skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, verða deildir í byggingarlánasjóði og öðlast þar þau réttindi, er lög þessi veita, enda geri þau þá nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum, að því leyti sem það getur samrýmzt áður gerðum skuldbindingum þeirra.

18. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

20. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

5. Við 49. gr. Greinin orðist svo:

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. Númer kafla og greinatala breytist samkvæmt þessu.

## **Sþ. 693. Tillaga til þingsályktunar**

um sildveiðitilraunir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að haldið verði áfram tilraunum með sildveiðar í botnvörpu. Verði í því skyni fenginn frá Svíþjóð kunnáttumaður í þessari veiðiaðferð. Þá verði og á allan hátt vandað til veiðitækja við þessar tilraunir og í því efni stuðzt við nýjustu endurbætur á þessari veiðiaðferð erlendis.

Kostnaður við tilraunir þessar greiðist úr fiskimálasjóði.

### **Greinargerð.**

Á undanförnum árum hefur verið mikil þróun og ör vöxtur í sildveiðum hér við land. Er þegar búið að koma á fót mörgum verksmiðjum til vinnslu á sildinni, og er þess full þörf, að þar sé enn aukið við. Sildveiðarnar eru nú orðnar mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og meginstyrkur að því er snertir gjaldeyri í viðskiptum við aðrar þjóðir. Í engum atvinnurekstri, sem enn er þekktur hér á landi, eru jafnmikil uppgrip á skömmum tíma og við sildveiðar í snurpunót, þegar vel viðrar og mikil mergð síldar er á miðunum, eins og algengt er um miðsumarsleytið við landið norðanvert. Hér við land eru sildveiðarnar einskorðaðar við tvenns konar

veiðiaðferðir, þ. e. með snurpunót og reknetum. En sá galli er á, að snurpunótin kemur ekki að liði við veiðarnar nema til ferða sildarinnar sjáist í sjóskorpunni. En talið er, að það fari nokkuð eftir hitastigi sjávarins, hvort sildin „veður“, eins og það er kallað, eða ekki. Þá er slík veiðiaðferð mjög háð veðráttufarinu.

Erlendis, þar sem sildveiðar eru stundaðar, hefur botnvarpa á síðari árum verið notuð með góðum árangri við þessar veiðar. Munu Þjóðverjar hafa fyrstir manna reynt þessa veiðiaðferð. Englendingar hafa einnig upp á síðkastið stundað sildveiðar með botnvörpu. Þá hafa Svíar tekið upp þessa veiðiaðferð, og hefur hún gefið þar svo góða raun, að þeir kosta nú mjög kapps um sildveiðar með þessum hætti, og eykur þetta mjög hjá þeim heildarafköstin við veiðarnar. Nú hafa Norðmenn byrjað sildveiðar með botnvörpu. Nota þeir sams konar vörpur og Svíar og hafa fengið æfða sildveiðimenn frá Svíþjóð til þess að gefa um það leiðbeiningar og fræðslu, hversu öllu skuli hagað við veiðarnar.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar hér á landi með þessa veiðiaðferð. Árin 1935 og 1936 gerði Árni Friðriksson fiskifræðingur tilraun með þessar veiðar á varðskipinu Þór. Var það á svæðinu frá Eystrahorni meðfram suðurströndinni alla leið vestur í Jökuldjúp. Báru þessar tilraunir ekki árangur svo teljandi sé.

Haustið 1943 lét Fiskimálanefnd gera tilraun með sildveiði í botnvörpu í Faxaflóa. Var svo um búð, að einnig var hægt að draga botnvörpuna miðsævis eða ofar. Var tilraun þessi gerð að haustlagi og bar ekki árangur, enda var á þeim tíma engin veiði í reknet í flóanum og allir bátar hættir þeim veiðum.

Haustið 1945 var enn á vegum Fiskimálanefndar gerð sams konar tilraun í Faxaflóa og þá notuð varpa af sænskri gerð. Tíðarfar var mjög óhagstætt, meðan á tilraununum stóð, og ekki unnt að vera á veiðum nema stuttan tíma í hvert sinn, svo að ekki er hægt að segja, að um kerfisbundnar tilraunir hafi verið að ræða, enda varð enginn árangur.

Tilraunir þær, sem hér um ræðir, hafa allar verið gerðar á takmörkuðu svæði. Engar slíkar tilraunir hafa verið gerðar fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum. Er þó á þessum slóðum mest sildargengd að jafnaði.

Það getur ekki orkað tvímælis, að sjálfsagt er að halda þessum tilraunum áfram og það þegar á þessu ári. Reynsla sú, sem fengin er af þessum veiðum annars staðar og um getur hér að framan, ætti að vera okkur ærin hvöt til þess að reyna til þrautar þessa veiðiaðferð. Það er ekki áhorfsmál fyrir Íslendinga að fara að dæmi Norðmanna og fá hingað til lands kunnáttumann á þessu sviði til þess að gefa leiðbeiningar um alla tilhögun við þessa veiðiaðferð. Það má engan veginn dragast lengur, að að því sé undið. Það er vitað mál, að stórum mætti auka hin árlegu afköst við sildveiðar hér, ef Íslendingum tækist að feta í fótspor nágrannaþjóða sinna um hagnýtingu botnvörpunnar í þessu skyni. Eitt af höfuðverkefnum Fiskimálanefndar er að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og leita nýrra aflamiða. Því er hér lagt til, að kostnaður við þessar tilraunir verði greiddur úr fiskimálasjóði.

Fiskiping það, sem háð var á öndverðum þessum vetri, samþykkti um mál þetta ályktun þess efnis, að tilraununum yrði haldið áfram með þeim hætti, er í tillögunni greinir.

**Ed.**

## **694. Breytingartillaga**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Á eftir 22. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (Greinatala frv. breytist samkv. því.):  
Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu.

Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum barnakennara skal þó veita slíkt orlof nema tíunda hvert ár. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

## **Ed. 695. Breytingartillögur**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „getur fræðsluráð þá veitt“ í 1. mgr. komi: skal fræðsluráð þá veita.
2. Við 9. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð og skólanefndir skiptinguna.
3. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Nú reisir kaupstaður eða kauptún sumarheimili í sveit, þar sem börn úr hlutaðeigandi verzlunarstöðum dveljast sumarlangt við ýmiss konar útistörf undir stjórn kennara sinna, og skal rikið þá greiða hálfan stofnkostnaðinn, enda samþykki fræðslumálastjórn teikningu af sumarheimilinu og framkvæmd verksins.
4. Við 16. gr.
  - a. Á eftir orðunum „viðurkenndu kennaraprófi“ í fyrri málsg. komi: eða guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands.
  - b. Í stað orðanna „tveggja ára“ í síðari málsg. komi: fjögurra ára.
5. Við 17. gr.
  - a. Í stað „36 kennslustundir“ í 1. mgr. komi: 32 kennslustundir.
  - b. Í stað „40 mín.“ í 3. gr. komi: 50 mínútna.
6. Við 29. gr. Greinin orðist svo:  
Skólanefnd veitir móttöku umsóknum um kennarastöður. Skal hún leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef velja á skólastjóra. Ef meiri hluti skólanefndar og fræðsluráðs mælir með umsækjanda, veitir fræðslumálastjórn honum stöðuna. En verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs, sker fræðslumálastjórn úr og veitir einhverjum af umsækjendum stöðuna.
7. Við 35. gr.
  - a. Orðið „átthagafraði“ í 1. mgr. falli burt.
  - b. Á eftir orðinu „Íslandssögu“ í 2. mgr. kemur: mannkynssögu.
  - c. Í stað orðanna „eitt erlent mál“ í 3. mgr. komi: ensku.
8. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Börn innan 12 ára aldurs má ekki senda í skóla í skammdeginu fyrr en ráljóst er orðið. Ákveða skal í reglugerð eftir tillögum heilbrigðisstjórnar, hve margar stundir skólabörn í hverjum aldursflokki mega sitja dag hvern á skólabekk við bóklegt nám.
9. Við 37. gr. Greinin orðist svo:  
Skólar í kaupstöðum og kauptúnum, sem reistir verða með styrk úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, skulu vera gerðir fyrir 300 börn í mesta lagi. Leitast skal við að kenna tilteknar bóklegar greinar, svo sem landafræði, nátt-

úrufraedi og sögu, í kvikmyndahúsum, með skuggamyndum, kvikmyndum og leiksýningum, eftir því sem aðstaða leyfir. Ekkert barn má stunda nám í barnaskóla meira en 7 mánuði ár hvert. Önnur ákvæði um skólagöngu barna skal setja með reglugerð.

10. Við 38. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Í heimavistar- og heimangönguskólum í sveitum skal skipta námstímanum á þann veg að ekkert barn fái meira en 3½ mánaðar skólagöngu o. s. frv.

b. Aftan við greinina bætist ný málsg.:  
Þar sem bæjarfélag reisir samkvæmt lögum þessum dvalarheimili í sveit fyrir börn, sem ekki eiga aðgang að sumardvöl á sveitaheimilum, skulu þau börn, sem skólanefnd útvegar þar sumarvist, teljast skólaskyld og hlýða skólaaga. Á þessum dvalarheimilum skal hafa öll þau húsdýr, sem tamin eru á Íslandi, og auk þess báta til notkunar undir eftirliti kennara, ef þess er kostur. Skulu börnin venjast við sem fjölbreyttasta útileiki og störf við framleiðsluna til lands og sjávar, sem eru við þeirra hæfi. Um rekstur dvalarheimila skólabarna úr kaupstöðum og kauptúnum skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

11. Ákvæði til bráðabirgða skal orða svo:

Þar, sem ekki eru komnir fullnægjandi heimangöngu- eða heimavistar-skólar, skal fræðslumálastjórn í samráði við fræðsluráð, skólanefndir og námsstjóra skipa þeim málum eftir því, sem bezt hentar hagsmunum viðkomandi aðila. Leggja skal áherzlu á að fá presta til að taka að sér kennslu og kennslueftirlit barna í dreifbýli, eftir því sem tími þeirra og kringumstæður leyfa.

## Ed. 696. Breytingartillaga

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 13. gr. Á eftir orðunum „en þrjá fjórðu hluta stofnkostnaðar heimavistar-skóla“ í fyrstu málsgrein komi: og skólastjórabústaða í heimangönguskólum.

## Ed. 697. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnfræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur alls haldið 10 fundi um þetta mál og rætt það mjög ýtarlega. Hún hefur kynnt sér öll gögn, sem Alþingi hafa verið send í sambandi við afgreiðslu þess, rætt málið við samgöngumálaráðherra og við þá nefnd frá Landssambandi iðnaðarmanna, sem kjörin var til þess að fylgjast með öllum breytingartillögum, sem fram kynnu að koma.

Að þessu athuguðu hefur nefndin fallið á, að nauðsynlegt sé að gera nokkrar breytingar á frv. Hefur hún rætt þessar brtt. við landssambandsnefndina, sem fallið hefur einróma á þær. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu 5 manna iðnfræðsluráð til 4 ára í senn. Ráðherra skipar síðan einn hinna kjörnu manna sem formann ráðsins til sama tíma. Allir fulltrúar iðnráðsins skulu vera úr hópi iðnaðarmanna.

2. Við 7. gr.
  - a. Á eftir orðunum „út frá því sjónarmiði“ í 1. mgr. komi: einu.
  - b. Við 2. mgr. bætist: Úrskurði iðnfræðsluráðs samkv. þessari mgr. má þó áfrýja til dómstólanna, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn er birtur viðkomandi aðila.
3. Við 11. gr. 3. mgr. orðist svo:
 

Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn þá byrjað nám sitt.
4. Við 12. gr. 2. mgr. orðist svo:
 

Hafi nemandi áður stundað nám hjá meistara eða iðnfyrirtæki, en slitið námssamningi sínum, skal iðnráð úrskurða, að hve miklu leyti sá tími, er hann vann þar, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum, er hann kynni að ráðast hjá til áframhaldandi náms í sömu iðn.
5. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., er orðist svo:
 

Nú hefur nemandi ekki staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á því að ganga undir það á ný, þegar það næst er haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi getur þó átt rétt til að ganga undir próf í sömu iðngrein oftari en þrisvar sinnum.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
 

Skýlt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína til lögboðinna trygginga. Falla kaupgreiðslur til nemandans niður þann tíma, sem hann tekur bætur frá slíkum tryggingastofnunum.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
 

Nú hefur nemandi verið það mikið frá vinnu á námstímanum, að samantlagðar vinnustundir hans verða færri en 1800 á ári að meðaltali yfir námstímamann, og getur iðnfræðsluráð ákveðið, að námstíminn skuli framlengjast, þannig að fyrirnefndur vinnustundafjöldi sé uppfylltur.
8. Við 22. gr.
  - a. Aftan við 1. mgr. bætist: Á meðan nemandi er frá verki vegna vinnustöðvunar, ber honum eigi kaup.
  - b. Í stað orðanna „og getur þá iðnfræðsluráð“ og til enda 2. mgr. komi: að dómi iðnfræðsluráðs, getur hver aðili fyrir sig slitið námssamningum án frekari fyrirvara, og er nemandi þá heimilt óátalið að ráða sig til annarra aðila.
9. Við 23. gr. Í stað orðsins „Meistari“ í upphafi greinarinnar komi: Meistarar.
10. Við 25. gr. 3. lið a. Liðurinn falli í burtu.
11. Við 26. gr. Í stað orðanna „25. gr. a—c“ í 1. mgr. komi: 25. gr. tölulið 3 a og b.
12. Við 27. gr. Greinin falli niður.
13. Við 28. gr. 4. töluliður falli niður.
14. Við 31. gr. Í stað orðanna „þegar lokið er öllum“ komi: enda raski það í engu þeim.
15. Við 32. gr. Greinin falli niður.
16. Á eftir 33. gr. komi Bráðabirgðaákvæði, er orðist svo:
 

Þar til komið hefur verið upp sérstökum iðnaðardómi, skal setja í gerðardóm ágreining milli nemenda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi, nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið fer fram, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, sinn tilnefndur af hvorum mál aðila.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, og ákveður hann síðan gerðarfund og kveður báða mál aðila til að sækja þann fund ásamt gerðarmönnum þeirra, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja fullnaðarúrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftari en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir



nauðsyn bera til, til þess að réttur úrskurður verði á lagður. Nú sækir annar hvor gerðarmanna ekki fund og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gerðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardómsins skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardómsins má þó áfrýja til dómstólanna, og skal áfrýjunarfrestur til héraðsdómara vera 30 dagar frá birtingu úrskurðarins.

Alþingi, 4. apríl 1946.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

Páll Hermannsson,  
fundaskrifari.

Guðm. Í. Guðmundsson.

## **Ed. 698. Frumvarp til stjórnarskipunarlags**

um viðauka við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944.

Flm.: Hermann Jónasson.

### 1. gr.

Kveðja skal saman sérstakt stjórnlagabing til þess að setja hinu íslenska lýðveldi nýja stjórnarskrá.

### 2. gr.

Alþingi setur með sérstökum lögum reglur um kosningu stjórnlagabingsfulltrúa, tölu þeirra, kjördæmaskipun við þá kosningu og hvenær hún skuli fram fara. Kosningaaldur og kjörgengis skal vera hinn sami og nú við alþingiskosningar.

### 3. gr.

Stjórnlagabing skal koma saman á næsta ári eftir að stjórnarskrárbreyting þessi hefur verið samþykkt.

### 4. gr.

Forseti skal setja stjórnlagabingið, sem haldið skal í Reykjavík eða á Þingvöllum. Stjórnlagabingið skal starfa í einni málstofu samkvæmt fundarsköpum sameindaðs Alþingis.

Nú hlýtur stjórnarskrárfumvarp meiri hluta greiddra atkvæða á stjórnlagabingi, og telst það þá samþykkt.

### 5. gr.

Stjórnlagabingið skal ljúka störfum fyrir lok marzmánaðar 1948. Skal bera hina nýju stjórnarskrá undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu í júnímánuði það ár, að viðhafðri leynilegri atkvæðagreiðslu, og telst stjórnarskráin samþykkt, ef meiri hluti greiddra atkvæða geldur henni jákvæði, og öðlast þá gildi 1. ágúst s. á. sem stjórnarskrá lýðveldisins. Nú næst ekki meiri hluti við þjóðaratkvæðagreiðslu, og er þá hin nýja stjórnarskrá fallin og núgildandi stjórnarskrá gildir áfram óbreytt.

### 6. gr.

Stjórnlagabing má ekki fjalla um nein önnur mál en sjálfa stjórnarskrána, og ekki er því heimilt að samþykkja eða gefa út neins konar ávörp né áskoranir til þjóðarinnar.

### 7. gr.

Eftir að ákveðið hefur verið með stjórnarskrárbreytingu þessari að efna til sérstaks stjórnlagabings og þar til stjórnarskrá sú, sem stjórnlagabingið samþykkir, hefur verið lögð undir þjóðaratkvæði, má Alþingi ekki samþykkja neina breytingu á núgildandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

## Greinargerð.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, varð opinbert samkomulag um það innan stuðningsflokka hennar, að stjórnarskráin yrði endurskoðuð og breyting samþykkt fyrir næstu alþingiskosningar. Nú er orðið fullséð, að þetta ákvæði stjórnarsamningsins nær ekki fram, þar sem ekkert stjórnarskrárfrumvarp hefur verið samið. Nefndir þær, sem skipaðar hafa verið í þessu máli, hafa litlum störfum lokið, enda bráðum hálf tveimur árum síðan formaður annarrar andaðist og enginn skipaður í hans stað. Ráðunautur nefndarinnar, Gunnar Thoroddsen prófessor, fór utan vegna þessa máls og fór víða um lönd til að safna gögnum, sem hafa mætti til hliðsjónar við störf nefndanna. Skýrsla prófessorsins liggur enn ekki fyrir, rúmum sex mánuðum eftir heimkomu hans, og hefur því ekkert verið á henni byggt. Sú málsmeðferð og afgreiðsla, sem ríkisstjórnin ákvað, hefur því farizt fyrir.

Sú málsmeðferð, sem hér er lagt til, að upp verði tekin, hefur fyrst og fremst þann kost, að samkvæmt henni á að kjósa menn til þess eingöngu og sérsaklega að afgreiða stjórnarskrármálið. Þannig yrði málið tekið út úr almennum flokkadeilum, sem einkum eru háðar um önnur efni, óskyld sjálfu stjórnskipulaginu. Alþingismenn verða ekki kosnir fyrst og fremst eftir afstöðu þeirra til þessa máls. Eina ráðið til þess, að stjórnarskrármálið sjálf verði lagt til grundvallar við kosningu þeirra manna, sem stjórnarskrána eiga að semja, er það, að sérstakt stjórnlagabing, en ekki Alþingi, vinni verkið. Ástæðulaust er að halda, að slíkar kosningar hljóti að fara eftir flokkslinum.

Kosningar til sérstaks stjórnlagabings mundu vekja almenna umhugsun og umræður um stjórnskipun landsins, og er það mikil nauðsyn.

Þá er það til bóta, að með þessu móti er stjórnarskrármálið tekið út úr daglegri málefnaþráttu á Alþingi.

## Nd. 699. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Flm.: Sigurður Kristjánsson og Jóhann Jósefsson.

Aftan við 2. málsgr. í tölulið 8 bætist: eða aukatrygging í fasteignum er sett.

## Nd. 700. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Við 5. till. (5. gr.). Tillagan orðist þannig:

Á undan 5. gr. kemur ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Útgerðarfélag og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, og ekki gera ráðstafanir til þess að verja því til kaupa á nýjum skipum eða öðrum framleiðslutækjum, skulu leggja fé þetta á vaxtalausannlánsreikning í stofnlánadeildinni, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Framangreindum ákvæðum skal fullnægja innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

## **Nd. 701. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralána-deild, og l. nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Upphaf annarrar málsg. orðist þannig:  
Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búri. Ef loðdýrin o. s. frv.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „og framkvæmd árlega“ í 4. málsg. bætist: Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í rikissjóð.

## **Nd. 702. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 5. till. Tillagan orðist svo:

Útgerðarfélag og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausán innlánsreikning í stofnlánadeildinni innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

## **Sp. 703. Nefndarálit**

um till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þegar leitað var atkvæða um þáttill. í nefndinni, greiddu aðeins tveir nefndarmenn (PO og SkG) atkvæði með till., en fjórir (StgrA, ÞB, GÍG og BK) vildu ekki þá taka afstöðu til málsins. Einn nefndarmanna (HelgJ) var fjarstaddur. Hafa þeir nú allir myndað sameiginlegan meiri hl. og gefið út nefndarálit, þar sem lagt er til, að þáttill. verði samþykkt með litlum breytingum. Minni hl. (GJ ok SK) gat ekki fallið á þessa afgreiðslu, af þeim ástæðum, er hér skal greina.

Tillaga sú, sem hér um ræðir, heimilur ríkisstjórninni, ef samþykkt verður:

1. að endurgreiða alla tolla, sem innheimtir hafa verið af skipum, sem keypt hafa verið til landsins 1945.
2. að endurgreiða alla tolla af skipum, sem keypt verða á árunum 1946 og 1947.
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni til skipabygginga og vélum og tækjum í skip, sem byggð hafa verið innanlands 1945.
4. að endurgreiða aðflutningsgjöld af sömu vörum til skipa, sem lokið er byggingu á innanlands fyrir árslok 1947.

Hvað viðvikur 1. og 3. lið má segja, að það sé ekki óeðlilegt, að ríkisstjórn sé gefin slík heimild til endurgreiðslu með þál., ef til þess bæri brýn nauðsyn, þótt hinu verði ekki neitað, að miklu eðlilegra hefði verið að gefa þessa heimild á 22. gr.

fjárlaga á þessu sama þingi, en þá þótti engin ástæða til slíkra ráðstafana. Hitt verður að teljast alveg óviðeigandi ráðstöfun á rikistekjunum að heimila endurgreiðslur á svo stórum fjárfúlgum úr rikissjóðnum sem til er ætlaðt samkv. liðum 2 og 4, fyrir komandi ár, með einfaldri þál., vitandi annars vegar, að fjárlög þ. á. voru afgreidd með nærri 5 millj. kr. rekstrarhalla og 18 millj. kr. greiðsluhalla, samfara því, að ekki þótti gerlegt að hækka tekjuliði til að mæta þessum halla, heldur kosin sú leið að heimila rikisstjórninni stórkostlegan niðurskurð á verklegum framkvæmdum, ef nauðsyn krefði. Er þessi háttur því fremur áfellisverður, að önnur og miklu þinglegri leið er opin þeim, er gjöldin vilja afnema, en hún er sú að bera fram þá breytingu á tollalöggjöfinni, sem nú er til umræðu í þinginu, að fella þessi gjöld niður og taka þá jafnframt upp önnur réttlátari gjöld til að vega upp á móti tekjurýrnuninni.

Þá verður því ekki neitað, að nákvæm endurgreiðsla á aðflutningsgjöldunum verður tæplega framkvæmd, heldur yrði það allt meira og minna af handahófi, auk þess sem það er bæði óviðkunnanlegt og ranglátt að reikna toll af vöru, ef hún er notuð í aðrar þarfir, en gefa hann eftir af sömu vöru, sem notuð er til þessarar sérstöku framkvæmdar.

Þá verður því ekki heldur mótmælt, að rikissjóður hefur á margvíslegan hátt létt undir með þessum sömu aðilum, bæði með beinum styrkjum, hagkvæmum lánum og ýmsum öðrum fyrirgreiðslum, svo að miklu síður er ástæða til eftirgjafarinnar af þeim ástæðum. Þá er og ljóst, að rikissjóði mun ekki veita af þeim tekjustofnum, sem hann nú hefur, nema þá að séð verði fyrir nýjum tekjustofni til að mæta því, sem hér væri afnumið.

Minni hlutinn leggur því til, að þáttill. verði felld.

Alþingi, 5. apríl 1946.

Gísli Jónsson,  
form., frsm.

Sigurður Kristjánsson.

**Nd.**

## **704. Breytingartillögur**

við frv. til laga um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum háðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, þó ekki hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs til mannvirkjanna.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, og einn kosinn af sveitarstjórnnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

4. Við bráðabirgðaákvæði:

Fyrir „kosning endurskoðenda“ kemur: kosning fyrstu endurskoðenda.

**Nd.**

**705. Lög**

um skólakerfi og fræðsluskyldu.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

Samhljóða þskj. 681.

**Nd.**

**706. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu undæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með búi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búi. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hættu þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega tryggja og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 2. mgr.

4. gr.

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskirteinis, verða meðlimir í loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess.

Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgir lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 12. gr. laga nr. 38 1937, og vera félaginu að öðru leyfi til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

Ráðunauturinn hefur yfirumsjón með eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

#### 7. gr.

Á eftir 9. gr. laga nr. 94 1940 komi ný gr., svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum tillögum yfirdýralæknis að láta flytja inn loðdýr og reka loðdýrabú á kostnað ríkisins, til þess að ala upp fyrsta flokks loðdýr, sem síðan megi selja loðdýraeigendum til undaneldis og kynbóta. Einnig er ráðherra heimilt að veita Loðdýraræktarfélagi Íslands leyfi til að flytja inn úrvalslóðdýr til kynbóta hér á landi, ef það óskar þess fyrir hönd loðdýraeigenda.

Ráðunautur ríkisins í loðdýrarækt hefur umsjón með þeim innflutningi, sem hér um ræðir, í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, að því leyti sem innflutningur lifandi dýra er ekki háður ákvæðum annarra laga.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### 9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937 og gefa þau út svo breytt.

**Sp.**

### 707. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingu björgunarskútu Vestfjarða.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin ræddi mál þetta á tveim fundum, og mætti 1. flm. á síðari fundinum og gerði grein fyrir því. Nefndin gat þó ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Einn nefndarmanna (GJ) greiddi atkvæði á móti samþykkt hennar, tveir (PO og GÍG) voru ekki við því búnir að greiða atkvæði. En við, sem undir þetta nefndarálit ritum, leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1946.

Sig. Kristjánsson,  
frsm.

B. Kristjánsson.

Þórður Benediktsson.

Steingr. Aðalsteinsson.

Helgi Jónasson,

Skúli Guðmundsson.

**Nd.**

## **708. Frumvarp til laga**

um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### **1. gr.**

Stofnuð skal ný deild við Landsbanka Íslands, er nefnist stofnlánadeild sjávarútvegsins. Skal hlutverk hennar vera það að styðja sjávarútveg Íslendinga með hagkvæmum stofnlánnum.

Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans.

### **2. gr.**

Stofnlánadeildinni skal aflagð fjár til útlána:

- a. Með lántökum hjá seðlabankanum samkv. 4. gr.
- b. Með skylduinnlánnum eigenda nýbyggingarsjóðs samkvæmt 5. gr.
- c. Með útgáfu vaxtabréfa samkv. 7. gr.

### **3. gr.**

Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í fiskiskipum og öðrum veiðiskipum. Enn fremur fiskverkunarstöðvum, þar með töldum síldarverkunarstöðvum, hraðfrystihúsum og beitugeymsluhúsum, niðursuðuverksmiðjum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi, lifrarbræðslum, skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum, vélsmiðjum, verbúðum í viðleguhöfnum og öðrum fyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti í þágu sjávarútvegsins.

Forgangsrétt til lána samkvæmt 2. málslíð 1. málsg. skulu hafa félög útvegsmanna og fiskimanna, sem stofnuð eru til að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem meginþorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.

Lán má eigi veita úr stofnlánadeild til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. janúar 1944.

Lánin eru tvenns konar:

A-lán, er eingöngu má verja til greiðslu á atvinnutækjum smíðuðum erlendis og til kaupa erlendis á efni og vélum til skipasmíða eða annarra framkvæmda inn-  
anlands.

B-lán, er verja má til innlendra framkvæmda að því leyti, sem þær krefjast ekki erlends gjaldeyris.

Á skuldabréf lánþega skal skrá, hve mikill hluti lánsins er veittur sem A-lán og hve mikill hundradshluti afborgana skoðist sem afborgun á A-láninu, en að öðru leyti skal fara með lánið sem væri það eitt.

Lánveitingar úr sjóðnum eru bundnar því skilyrði, að Nýbyggingarráð hafi samþykkt þær framkvæmdir, sem um er að ræða, sem lið í heildaráætlun þess um þjóð-  
arbúskap Íslendinga.

### **4. gr.**

Nýbyggingarráð úrskurðar hverju sinni, samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnar Landsbankans, hve miklum erlendum gjaldeyri hafi verið varið til fyrirtækis, sem stofnlánadeildin lánar út á, hvort heldur er um innflutning, nýsmíði, meiri háttar endurbætur eða viðgerðir að ræða, og gildir þetta jafnt um skip sem aðrar eignir.

Samkvæmt slíkum úrskurði nýbyggingarráðs skal seðlabankanum skylt að lána stofnlánadeildinni upphæð í íslenskum krónum, er samsvari A-lánnum sjóðsins.



Seðlabankinn veitir stofnlánadeildinni lánin jafnóðum í opnum reikningi, en við hver árslok skal sameina lánveitingar þess árs í eitt lán, og má samanlögð skuld stofnlánadeildarinnar aldrei fara yfir 100 millj. kr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar stofnlánadeildarinnar gagnvart seðlabankanum.

#### 5. gr.

Útgerðarfélag og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausann innlánsreikning í stofnlánadeildinni, og skal féð geymt þar, unzt því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Framangreindum ákvæðum skal fullnægja innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

#### 6. gr.

Stofnlánadeildin skal endurgreiða seðlabankanum á hverju ári jafnháa upphæð og þau A-lán nema, er falla í gjalddaga á því ári, án tillits til þess, hvort skuldunautar deildarinnar greiða á tilteknum tíma.

#### 7. gr.

Stofnlánadeildinni er heimilt, að svo miklu leyti sem skylduinnlán samkvæmt 5. gr. hrökkva ekki fyrir þeim B-lánnum, sem talin eru æskileg, að gefa út vaxtabréf, sem hún selur á opnum markaði. Fjármálaráðherra setur reglugerð um tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar.

Vaxtabréf stofnlánadeildarinnar eru tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

#### 8. gr.

Út á ný skip má lána allt að  $\frac{2}{3}$  (tveim þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að  $\frac{1}{3}$  (þrem fimmtu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra.

Þó má lána allt að  $\frac{3}{4}$  (þrem fjórðu) út á ný skip og  $\frac{2}{3}$  (tveim þriðju) út á aðrar eignir, ef hæjar- eða sveitarfélög eru lántakandi eða ganga í ábyrgð fyrir skilvisri greiðslu afborgana og vaxta.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Hafi sjóðurinn ekki nægilegt fé til að fullnægja lánsþörfinni, skulu lán til skipa- og bátakaupa sitja fyrir öðrum lánveitingum.

#### 9. gr.

Lengsti lánstími er 20 ár fyrir ný skip, en annars 15 ár. Sé lánstími 10 ár eða lengri, skal haga afborgunum lána þannig, að helmingur lánsins eða því sem næst sé endurgreiddur, þegar liðnir eru  $\frac{1}{3}$  (tveir fimmtu) af lánstímanum. Félagi, sem fengið hefur lán úr stofnlánadeildinni og nýtur hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, skal skylt að verja 50% af því fé, er það leggur í varasjóð til aukalegra afborgana af lánnum úr stofnlánadeildinni, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. b. í sömu lögum um framlag í nýbyggingarsjóð.

Einstaklingar og sameignarfélag, er lán hafa vengið úr stofnlánadeildinni, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau verja til aukalegra afborgana af lánnum hjá deildinni, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum tekjum þeirra af útgerð á árinu, enda falla þá niður ákvæði 14. gr. í lögum nr. 20 20. maí 1942 um framlög í nýbyggingarsjóð.

#### 10. gr.

Stofnlánadeildinni er heimilt að veita bráðabirgðalán, meðan stendur á byggingu skipa eða mannvirkja, en jafnan skulu slík bráðabirgðalán endurgreidd að fullu, þegar hin föstu stofnlán eru afgreidd.

#### 11. gr.

Vextir af lánum úr stofnlánadeildinni skulu ákveðnar af ráðherra, en skulu þó ekki vera hærri en 2.5%. Vextir og afborganir greiðast fyrir fram fyrir eitt ár í senn eða hluta úr ári, miðað við gjalddaga, sem vera skal 1. nóvember ár hvert. Ef tilskilið árgjald er ekki greitt að fullu á gjalddaga, má reikna 0.5% dráttarvexti af hinni vangoldnu upphæð fyrir hvern hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

#### 12. gr.

Skytt er lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt váttryggðar, að vel nægi fyrir áhvilandi lánum, og tekur veðréttur stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til váttryggingarfjárins.

Ef til útborgunar váttryggingarfjár kemur, getur stofnlánadeildin krafizt, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar áhvilandi láni eða lánum í deildinni.

#### 13. gr.

Eignir þær, er stofnlánadeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð deildarinnar. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að framkvæmdastjórn Landsbankans megi tilnefna þá menn, er skulu framkvæma virðingarnar. Framkvæmdastjórn Landsbankans getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

#### 14. gr.

Öllum skuldunautum stofnlánadeildarinnar er skytt:

- a. Að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrarreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.
- b. Að bjóða hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélagi forkaupsrétt eða ráðstöfun á forkaupsrétti að þeim eignum, sem lán hvílir á í stofnlánadeildinni, ef til sölu kemur, og eigandi sjálfur hefur ekki innansveitarkaupanda að.

#### 15. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr stofnlánadeildinni komnar í gjalddaga án uppsagnar:

- a. Þegar tilskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
- b. Við eigandaskipti að veði fyrir láni, eða ef veðið ferst, er selt eða sett á uppboð.
- c. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að lánið er eigi svo tryggt sem æskilegt er að dómi lánveitanda.
- d. Ef veðsettu skipi er ekki haldið úti til fiskveiða eða fiskflutninga sex mánuði ár hvert, eða fyrirtæki hættir störfum eða breytir svo rekstri sínum, að það fullnægir ekki ákvæðum 3. gr. þessara laga.

#### 16. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það stofnlánadeildinni út til eignar, ef þörf er á.

Stofnlánadeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Stofnlánadeildin ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Stofnlánadeildin getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboðið á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

17. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett í stofnlánadeildinni, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal framkvæmdastjórn Landsbankans gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

18. gr.

Stofnlánadeildin er undanþegin opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvikjandi lánnum, sem deildin veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

Eignar- og veðbókarvottorð ber að láta deildinni í té án endurgjalds.

19. gr.

Framkvæmdastjórn Landsbankans skal á hverju miðju reikningsári, og oftár ef þörf gerist, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag deildarinnar. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafist allra upplýsinga um hag deildarinnar.

Eftir hver áramót gefur framkvæmdastjórn ráðherra fullkominn endurskoðaðan reikning og skýrslu um hag og starfsemi deildarinnar á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Í reglugerðinni fyrir stofnlánadeildina má setja þau ákvæði um stjórn hennar og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögnum.

21. gr.

Þeim einstaklingum og félögum, er gefið hefur verið vilyrði fyrir styrktarlánnum úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, skal gefinn kostur á að njóta hlunninda þessara laga gegn því að afsala sér rétti sínum til styrktarlánanna, eða að njóta þeirra og þá um leið þeirra vaxta og lánakjara, er gildandi voru hjá fiskveiðasjóði Íslands fyrir gildistöku þessara laga.

22. gr.

Lán, sem veitt hafa verið úr fiskveiðasjóði Íslands til framkvæmda á vegum Nýbyggingarráðs frá ársbyrjun 1945 til gildistöku þessara laga, skulu flutt í stofnlánadeild Landsbankans, og skal litið á þau sem bráðabirgðalán samkvæmt 10. gr. þessara laga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skal gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans.

Við árslok 1949 skulu lög nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, falla úr gildi.

**Ed.**

## **709. Frumvarp til laga**

(Eftir eina umr. í Nd.)

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

### **1. gr.**

Ríkissjóður lætur gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Keflavíkur og Njarðvíkurhreppum innan línu, sem dregin er stytztu leið milli Vatnsness og Hákotstanga; að öðru leyti skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

### **2. gr.**

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 10 millj. króna, er endurgreiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði og að  $\frac{2}{3}$  úr hafnarsjóði. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að  $\frac{2}{3}$  hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

### **3. gr.**

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo viðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum háðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði landshafnarinnar.

Ráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs núverandi hafnarmannvirki í Keflavík og Njarðvíkum, þó ekki hærra verði en sem nemur byggingarkostnaði að frádregnu framlagi ríkissjóðs til mannvirkjanna.

Heimilt er ráðherra að fresta byggingu hafnarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um kaupin.

### **4. gr.**

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn kosinn af sveitarstjórnnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn.

### **5. gr.**

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar

landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

#### 6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

#### 7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

#### 8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra:
  - a. Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig.
  - b. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - c. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - d. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar.
  - e. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.
  - f. Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarstjórn semur og ráðherra staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulíð 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

#### 9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

#### 10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

#### 11. gr.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf

til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni.

Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipun fyrstu hafnarstjórnar samkv. 4. gr. og kosning fyrstu endurskoðenda samkv. 13. gr. gildir til ársloka 1949.

## Ed. 710. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og landingarbætur.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GJ og IngP).

1. Við 2. gr. B. Á eftir tölulið 39 kemur nýr liður:  
Kollafjörður í Gufudalssveit.
2. Við 9. gr.
  - a. Aftan við 3. mgr. komi: ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni.
  - b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., er orðist svo:  
Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjöld né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slíkra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.
  - c. Upphaf 4. mgr. orðist svo:  
Heimilt er að innheimta gjöld til hafnar o. s. frv.

3. Við 17. gr.

- a. Úr 5. mgr. falli niður orðin: „og lögum nr. 11 30. des.“ til enda greinarinnar.
- b. Aftan við greinina bætist: Lög nr. 76 14. nóvember 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.

## **Sp. 711. Tillaga til þingsályktunar**

um framkvæmd á lögum nr. 85 1941, um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar koma til framkvæmda ákvæði laga nr. 85 1941 um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

### **Greinargerð.**

Með l. nr. 85 1941 er ríkisstjórninni heimilað að flytja prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi. Heimild þessi hefur þó enn ekki verið notuð. Nú er húsakostur þannig á Stað, að óhjákvæmilegt er að byggja þar nýtt hús yfir prestinn eða að kosta svo miklu fé til viðgerðar á núverandi íbúðarhúsi, að nema mundi heilu húsverði, auk þess sem kirkja staðarins er í því ásigkomulagi, að ógerlegt er að messa í henni, ef nokkuð er að veðri. Vegna þess, hve Staður er illa í sveit settur, en hins vegar fyrirhugað, að á Reykhólum verði komið upp menningarmiðstöð, ekki einasta fyrir hreppinn, heldur og fyrir alla Austur-Barðastrandarsýslu, væri það hið mesta óráð að verja miklu fé í húsabætur fyrir prestinn að Stað, og því eðlilegt, að horfið sé þegar að því að flytja prestssetrið og reisa nýjan prestsbústað á Reykhólum. Er þá og til athugunar, hvort ekki væri rétt að selja Stað og nota söluverð jarðarinnar upp í byggingarkostnað prestsbústaðarins.

Íbúar Reykhólahrepps mundu mjög fagna því, að þessi skipun gæti komið á sem fyrst, enda hefur nú of langur tími liðið, án þess að þessu höfuðbóli hafi verið sýndur sá sómi, sem til var ætlað, er ríkissjóður festi kaup á því.

## **Nd. 712. Nefndarálit**

um frv. til laga um Austurveg.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt á nokkrum fundum. Mælir hún með því, að frv. nái fram að ganga, en tveir nefndarmenn (EmJ og SB) áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartill. við frv. eða ljá fylgi slíkum till., ef fram koma, og skrifa þeir því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 6. apríl 1946.

Gisli Sveinsson,  
form., frsm.

Lúðvík Jósefsson,  
fundaskr.

Sveinbjörn Högnason.

Sigurður Bjarnason,  
með fyrirvara.

Emil Jónsson,  
með fyrirvara.

**Nd.**

### **713. Breytingartillaga**

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Útgerðarfélag og útgerðarmenn, sem eiga fé í Nýbyggingarsjóði, sbr. lög nr. 20 1942, skulu leggja fé þetta á vaxtalausán innlánsreikning í stofnlánadeildinni innan 12 mánaða frá gildistöku laga þessara, og skal féð geymt þar, unz því er ráðstafað í samræmi við ákvæði gildandi laga.

**Sp.**

### **714. Viðaukatillaga**

við till. til þál. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við tillöguna bætist nýr liður:

3. Aðflutningsgjöld af pípuorgelum í kirkjur.

**Sp.**

### **715. Tillaga til þingsályktunar**

um samgöngur Norðurlands.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samgöngum á sjó við Norðurland verði nú þegar komið í viðunandi horf.

#### **G r e i n a r g e r ð.**

Það hefur vakið almenna óánægju á Norðurlandi, hve skipaferðir hafa verið stopular og strjalar til hafna norðanlands seinni part líðandi vetrar. Á það má benda, að ekkert skip hefur komið til Akureyrar allan marzmánuð, og Eimskipafélag Íslands lætur líða 27 daga milli skipaferða þangað, og svipað mun ástatt um aðrar hafnir nyrðra. Í tvo mánuði hefur ein ferð fallið frá Akureyri til Austfjarða. Vörur, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til Akureyrar og annarra hafna norðan- og austanlands, eru því nær undantekningarlaust settar á land í Reykjavík og liggja þar oft vikum saman. Þetta ófremdarástand hefur að vonum vakið almenna óánægju og gremju nyrðra, og deila blöðin „Íslendingur og „Dagur“ harðlega á skipaútgerðirnar fyrir samgönguvandræðin. Verzlunarfélag Akureyrar hefur, samkvæmt kröfu almenns fundar, sent Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélagi Íslands og samgöngumálaráðuneytinu kvartanir yfir þessu óbærilega ástandi.



**Nd.**

## **716. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:  
Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:
  - a. Með skylduinnlánum eigenda nýbyggingarsjóða skv. 5. gr.
  - b. Með útgáfu vaxtabréfa, sem tryggð eru með ábyrgð rikissjóðs. Skulu þau gefin út í flokkum og innleyst eftir reglum, sem fjármálaráðherra samþykkir. Nánari tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar skal fjármálaráðherra ákveða með reglugerð.
  - c. Með sérstökum lántökum gegn ríkisábyrgð hjá öðrum lánsstofnunum, enda annist fjármálaráðuneytið um þær lántökur.  
Lán skv. b- og c-lið mega ekki fara yfir 140 milljónir króna.
2. Við 3. gr. Fimm síðustu málsgreindir greinarinnar falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:  
Ríkissjóður greiði stofnlánadeildinni árlega fjárhæð, sem nemur vaxtahalla deildarinnar.
4. Við 6. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
5. Við 7. gr. greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

**Nd.**

## **717. Breytingartillögur**

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Eysteini Jónssyni og Lúðvik Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Í stað þriggja fyrstu málsgreinanna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:  
Stofnlánadeildin veitir lán gegn 1. veðrétti í:
  - a. fiskiskipum og öðrum veiðiskipum.
  - b. fiskverkunarstöðvum, þar með töldum sildarverkunarstöðvum, frystihúsum, beitugeymslum, niðursuðuverksmiðjum, niðurlagningarstöðvum, verksmiðjum til vinnslu úr fiskúrgangi og lifrabræðslum.
  - c. verbúðum á viðleguhöfnum.  
Forgangsrétt til lána samkvæmt b-lið hér að framan hafa félög útvegs- manna og fiskimanna, sem stofnuð eru til þess að reka iðnað í þágu útvegsins og eru opin útvegsmönnum og fiskimönnum, og félög, sem þorri útvegsmanna á hverjum stað er þátttakandi í, í þeim tilgangi, er að framan greinir, enda skipti félögin arði af rekstri í hlutfalli við viðskipti félagsmanna.  
Heimilt er að lána félögum þeim, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan, til byggingar skipasmíðastöðva, dráttarbrauta, vélsmiðja og annarra fyrirtækja, sem þau reka eingöngu eða að langmestu leyli í þágu sjávarútvegsins.  
Lán má eigi veiða úr stofnlánadeildinni til annarra framkvæmda en þeirra, sem gerðar eru eftir 1. jan. 1944.
2. Við 8. gr. Á undan síðustu málsgr. greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:  
Lán má þó ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar virðingar- eða kostnaðarverði eignar, sem lánað er út á, að frádreginni eign lántakanda í nýbyggingarsjóði. Hafi lántakandi sannanlega gert ráðstafanir til kaupa á fleiri en einu framleiðslutæki, má skipta nýbyggingarsjóði hans til kaupa á þessum framleiðslutækjum, enda takist þau í notkun innan tveggja ára, frá því sótt er um lánið.

**Ed.**

## **718. Breytingartillaga**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 35. gr. Við 2. málsg. bætist: Enn fremur skal kenna börnum rétt rim í sambandi við helztu íslenska bragarhætti.

**Nd.**

## **719. Nefndarálit**

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur sent málið til umsagnar vegamálastjóra, og fylgir hér með álit hans. Nefndin mælir með samþykkt frumv. óbreytts. Þó áskilur SB sér rétt til að flytja breytingartillögur við 1. og 2. gr., og er fyrirvari hans bundinn við það.

Einn nefndarmanna, EmJ, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1946.

Gisli Sveinsson,  
form.

Lúðvík Jósefsson,  
fundskr., frsm.

Sveinbjörn Högnason.

Sigurður Bjarnason,  
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

### **VEGAMÁLASTJÓRINN**

Reykjavík, 27. febrúar 1946.

**Frv. til laga um breyting á lögum um benzínaskatt.**

Lög nr. 84 1932 um bifreiðaskatt o. fl. þurfa að mínu áliti nokkurra breytinga, sömuleiðis lög nr. 126 1943.

Samkvæmt lögnum er benzínaskatturinn 4+5 aurar af hverjum lítra. Þegar þau voru fyrst sett, var benzínverðið meir en helmingi lægra en það er nú. Tilgangurinn með benzín- og bifreiðaskattinum yfirleitt var að afla álitlegra tekna til þess að standast aukinn kostnað til vegabóta. Síðan hefur allur vegabótakostnaður hækkað stórkostlega. Þannig viðhaldskostnaður þjóðvega einn meir en tífaldast. Ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að benzínaskattur sé réttlátur og eðlilegur tekjustofn, og hér mun hann nú miklu lægri en í öðrum löndum. Mér þætti mjög eðlilegt, að skatturinn yrði að minnsta kosti tvöfaldaður. Þessi skattur nam samtals 1944 um 1.75 millj. kr., þar af fór í brúasjóð kr. 372059.15. Þá væri og réttmætt að hækka innflutningsgjald af bifreiðagúmmi úr kr. 1.00 af hverju kg.

Ég hef þó orðið þess var, að á Alþingi muni, eins og sakir standa, ekki vera áhugi fyrir hækkun þessara skatta.

Í 8. gr. laganna frá 1932 eru ákvæði um, hvernig verja skuli tekjum samkvæmt lögnum. Þessi ákvæði hafa nú um mörg ár verið dauður bókstafur og lítið sem ekkert eftir þeim farið.

Í 1. gr. laganna frá 1943 er ákvæði um 5 auru viðaukagjaldið af benzíni, og hefur það verið framlengt fyrir eitt ár í senn. Eðlilegt virðist, eins og komið er, að benzínaskatturinn verði sameinaður í eitt gjald.

Í 2. gr. sömu laga er ákvæði um að verja nokkrum hluta viðaukaskattsins til brúagerða og þá fyrst til brúar á Jökulsá á Fjöllum. Hefur sú brúargerð nú verið ákveðin og var fyrir hendi í brúarsjóði um síðastliðin áramót um 1.45 millj. kr., en brúin er áætluð að kosta um 1.4 millj. kr.

Í sömu grein er ákvæði um að verja allt að 100 þús. kr. á ári 1945 og 1946 til Krisuvíkurvegar.

Teldi ég fyllstu þörf að endurskoða þessa löggjöf og koma í fastara form og nokkuð til frambúðar, svo ekki þurfi að fitja upp á nýjum breytingum að heita má á hverju þingi. Þyrfti það að gerast áður en Alþingi kemur næst saman.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera á þessu þingi nokkrar breytingar á lögnum frá 1943.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að innflutningsgjaldsviðaukinn, 5 aurar á hvern lítra benzíns, er orðinn fastur skattstofn, virðist ekki ástæða til þess að hafa hann tímabundinn, og vil ég því mæla með breytingu á þskj., 69 um að fella burt tímatak-mörkin.

Í 2. gr. þarf að fella burt ákvæðið um Jökulsárbrú, og þar sem sennilega verður ekki í sjóði um næstkomandi áramót nema tæplega  $\frac{1}{2}$  millj. kr., þykir mér ekki ástæða til þess að setja inn ákvæði um byggingu neinnar ákveðinnar brúar. Ég vil þó láta í ljós það álit mitt, að, að frágengnum brúm á Hvítá hjá Iðu og nýrri brú á Þjórsá, þá tel ég, að af stórbrúm eigi brú á Jökulsá í Lóni að sitja fyrir.

Virðist mér heppilegast með tilliti til væntanlegrar endurskoðunar laganna, að 2. gr. orðist svo:

„Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal verið að  $\frac{3}{5}$  hlutum til að greiða kostnað við nýlagningar þjóðvega, en að  $\frac{2}{5}$  hlutum til brúagerða.“

Virðingarfyllst,  
Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.

## Ed. 720. Frumvarp til laga

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### I. KAFLI

#### Um verkamannabústaði.

##### 1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

##### 2. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

##### 3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamanna-bústaða, og aflast fé til hvernar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 4 krónum og ekki meira en 6 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kaupsins, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs. Sbr. 2. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. 1. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kaupsinu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kaupsins aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kaupsinsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagnesfndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagnesfndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

#### 4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kaupsinu, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A. flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.

B. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.

C. flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár. Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

#### 5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

#### 6. gr.

Byggingarfélag hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórn-

- arnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðar þessarar greinar.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
  3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
  4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsins og hafi eigi haft yfir 7000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 1000 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kaupslagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
  5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
  6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.  
Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
  7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
  8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbætti verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
  9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
  10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallið á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

#### 7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leiksóla fyrir börn og mótuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 9. lið, um þáttlöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

#### 8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántöktir og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álitur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slikri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

#### 9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi horizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kys með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

#### 10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

#### 11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarféлага, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

## II. KAFLI

### Um byggingarsamvinnufélög.

#### 12. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna (sjá 15. gr.) og reka lánastarfsemi.

#### 13. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og

atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 30 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

#### 14. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum, heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

#### 15. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

- A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst  $\frac{1}{5}$  hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldprot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagismaður fátækrastryksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

- B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.
- C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

#### 16. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 15. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

#### 17. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða

aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

#### 18. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 15. gr. A.:

- A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hvernar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.
- B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagisstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagisstjórnin leigulóðir.
- C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.  
Heimilt er þó félagisstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagisstjórnin telur gildan.
- D. Að félagismaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

#### 19. gr.

Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 14. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 6. gr. svo og ákvæði 7. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

#### 20. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

#### 21. gr.

Nú sannast, að félagismaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 20. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.



22. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

23. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

24. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

25. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndauppdraetti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds. Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

### III. KAFLI

#### Um íbúðabyggingar sveitarfélaga.

27. gr.

Í kaupstöðum og kaптúnunum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaløftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kaптúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

28. gr.

Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kaптúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegum húsnæðis.

29. gr.

Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

### 30. gr.

Skýrslur þær, og áætlanir, sem um getur í 29. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

### 31. gr.

Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 29. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga, sem hér um ræðir, og skal þá ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hvernar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% og sveitarsjóður 15% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnu árlegum greiðslum en án vaxta á 35 árum. Sveitarstjórnnum er heimilt að taka lán til þessa framlags, ef fé er ekki fyrir hendi í sveitarsjóði. Ríkisstjórninni er heimilt að fella afborganir þær niður af 10% framlagi ríkissjóðs, er að ofan getur, ef sveitarstjórn ákveður að gera það að sínum hluta (15%).

### 32. gr.

Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til er lánin eru að fullu greidd.

### 33. gr.

Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

### 34. gr.

Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er. Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búu, og skulu þeir ganga fyrir, sem búu við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það í hverri röð menn fái íbúðirnar.

### 35. gr.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

### 36. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbýggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

### 37. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitar-

félaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

#### IV. KAFLI

##### Um innflutning og skiptingu byggingarefnis o. fl.

###### 38. gr.

Á meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í landinu og erfiðleikar eru á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, skal viðskiptaráð, á meðan það starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til að lög þessi nái tilgangi sínum.

###### 39. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbýgginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á og reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

###### 40. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

###### 41. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

###### 42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 frá 9. jan. 1935, um verkamanna-bústaði, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lög nr. 71 frá 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi.

###### 43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. **721. Breytingartillaga**

við frv. til l. um sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal annast um byggingu verksmiðjunnar og stjórn hennar. Nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar skal setja með reglugerð.

**Nd.**

## **722. Breytingartillögur**

við frv. til l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 3. gr. Aftan við 1. mgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Loks veitir stofnlánadeildin bæjar- og sveitarfélögum lán til hafnarmannvirkja og lendingarbóta gegn ríkisábyrgð.
2. Við 4. gr. Fyrir „100 millj. kr.“ í 3. mgr. kemur: 120 millj. kr.
3. Við 8. gr. Í stað 1. og 2. mgr. kemur:  
Út á ný skip má lána allt að  $\frac{3}{4}$  (þrem fjórðu) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra, og út á aðrar eignir allt að  $\frac{2}{3}$  (tveim þriðju) af virðingar- eða kostnaðarverði, sé það lægra. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta skal lánsfjárhæð þó aldrei hærri vera en ríkisábyrgð er fyrir samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur.
4. Við 12. gr. Við fyrri mgr. bætist: Ákvæði þetta tekur þó ekki til lána til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.
5. Við 14. gr. Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til lánþega vegna hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

**Nd.**

## **723. Nefndarálit**

um frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Flytur hún breytingartillögur sínar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Jón Pálmason,  
form., frsm.

Bjarni Ásgeirsson,  
fundaskrifari.

Jón Sigurðsson.

Barði Guðmundsson.

Sigurður Guðnason.

**Nd.**

## **724. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Endir greinarinnar frá orðunum: „Koma ekki til álits“ orðist svo: Nýbýlastjórnar samkvæmt lögum um landnám o. fl.
2. Við 5. gr. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein þannig:  
Við ákvörðun lánanna skal stjórn sjóðsins taka tillit til þess, hvað mikil önnur veðlán hvíla á eigninni.

3. Við 8. gr.
  - a. Á eftir orðunum „lánið er veitt til“ í 2. lið bætist: ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
  - b. Á undan síðustu málsgrein komi ný málsgrein þannig:  
Ábyrgð hrepps eða sýslufélags kemur því aðeins til greina, að um verk-smiðjur eða vinnustöðvar sé að ræða, sem félag stendur að, enda komi þá til heimild æðri stjórnarvalda.
4. Við 16. gr. Síðari málsliður falli burt.
5. Við 20. gr. Fyrir orðin „þegar gildi“ komi: gildi 1. janúar 1947.

## **Nd. 725. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 4. gr. Fyrir „100 millj. kr.“ í 3. mgr. komi: 150 millj. kr.

## **Ed. 726. Breytingartillaga**

við frumv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 2. gr. B. Á eftir 43. lið komi nýr liður:  
Loftsstaðasandur í Árnessýslu.

## **Nd. 727. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 55 3. marz 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Ísland til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:  
Veðdeild Landsbankans skal gefa út bankavaxtabréf allt að 60 millj. króna, og nefnist sá flokkur vaxtabréfanna 16. flokkur veðdeildarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:  
Auk veðskuldabréfa, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessa flokks vera:

1. Varasjóður flokksins.

2. Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

3. gr.

Fyrri málsgrein 4. gr. orðist svo:

Vextir af bankavaxtabréfum 16. flokks skulu vera 4%, og skal með reglugerð, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, ákveðið, hvar vextirnir skulu greiddast og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Síðari málsgrein skal óbreytt standa.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fé 16. veðdeildarflokks má lána bæjar- og sveitarfélögum og byggingarsamvinnufélögum í kaupstöðum og kauptúnum gegn veði í húseignum með lóðum og lóðarréttindum. Enn fremur má lána fé 16. veðdeildarflokks einstaklingum, einum eða fleirum saman, er sjálfir hafa að íbúð húseign þá, er sett er að veði fyrir lánuinu. Ef lántakandi er einstaklingur og selur eða leigir húseignina eða hluta af henni, telst lánið fallið í gjalddaga án uppsagnar. Húseignir þær, sem settar eru að veði, skulu váttryggðar í váttryggingarstofnunum, er bankastjórnin tekur gildar.

Hvert lán skal vera 75% lóðarverðs, miðað við fasteignamat, og 50% kostnaðarverðs hinna veðsettu húseigna, sé um ný hús að ræða. Sé um hús eldri en eins árs að ræða, skal miða við hið upprunalega kostnaðarverð að frádreginni hæfilegri fyrningu. Kostnaðarverð húsanna sé reiknað eftir vísitölu byggingarkostnaðar þess árs, sem þau eru reist.

5. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Úttekt á eignum þeim, sem veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega fara fram á þann hátt, sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð. Skal stjórn Landsbankans heimilt að nefna til menn, er um skulu dæma, hvort veðin séu þess virði, sem lántakandi hefur upp gefið, en bæjar- eða sveitarstjórn sú, er hlut á að máli, getur áfrýjað úttektinni til fjármálaráðherra. Stjórn Landsbankans er enn fremur heimilt að krefjast skirteinis virðingarmanna á fimm ára fresta um það, að veðinu sé vel við haldið.

6. gr.

8. gr. laganna falli burtu, en í stað hennar komi sem 8. gr.:

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

7. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Lánstíminn má vera allt að 35 árum, ef veðið er vandað steinhús með góðri lóð eða lóðarréttindum, og allt að 25 árum, ef veðið er vandað timburhús.

8. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Lán þau, sem veðdeildin veitir úr 16. flokki, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjalddanga peninga affallalaust.

9. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

#### 10. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokks þess, sem stofnaður er með lögum þessum, rennur varasjóður hans til næstu flokka, sem stofnaðir verða til að halda áfram veðlánastarfsemi bankans. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

#### 11. gr.

2. gr. laganna, 5. gr., 12.—23. gr., svo og 25. og 26. gr. laganna haldist óbreyttar að öðru en því, að þar sem stendur „þessir flokkar“, „veðdeildarflokkar“ eða „hlutaðeigandi veðdeildarflokkar“ komi: flokkurinn eða veðdeildarflokkurinn.

#### Greinargerð.

Það mun ekki vera of fast að orði kveðið, ef sagt er, að lánastarfsemi til húsa- bygginga hér á landi sé í fullkomnum ólestri. Með stofnun veðdeildarinnar hefur löggjafinn viljað tryggja það, að þeir, er réðust í slíkar framkvæmdir, gætu átt öruggan aðgang að hagkvæmum lánum gegn fyrsta veðrétti, er svaraði til allt að  $\frac{3}{4}$  virðingarverðs fasteignarinnar, og er þá vitaskuld búizt við, að virðingarverð og kostnaðarverð nýrra húsbýgginga sé mjög nálægt hvort öðru. Þegar fasteignaverð og byggingarkostnaður stórhækkar hér á landi á stríðsárunum, er þessi löggjöf gerð einskis nýt með því, að stjórn veðdeildarinnar setur virðingarverð svo lágt, að það er ekki nema örlítill hluti af raunverulegu kostnaðarverði. Sem stendur mun þetta virðingarverð liggja nálægt 28% af kostnaðarverði, svo að lán veðdeildarinnar munu hæst nema 14% af kostnaðarverði, þar sem aðeins mun lánaður helmingur virðingarverðs. Með þessu er almenningi gert ókleift að notfæra sér lánsskilmála veðdeildarinnar, og honum kastað í arma braskara á þessu sviði, er veita lán gegn miklu óhagstæðari kjörum. Reyndin hefur einnig orðið sú, að veðdeildin hefur á þessum árum verið dauð stofnun. Hún hefur á árunum 1940—44 veitt lán að upphæð aðeins um 18 millj. kr., á sama tíma, sem talið er, að í Reykjavík einni hafi verið byggt fyrir að minnsta kosti 160 millj. kr. Kjör þau, sem hægt hefur verið að fá á brasklánamarkaðinum utan bankanna, munu undanfarið hafa verið lánsupphæð um það bil 28% af kostnaðarverði, vextir 6% og þóknun 2%. Nú orðið mun einnig vera farið að þrengjast mjög um lán, einnig með slíkum óhagstæðum kjörum. Með þessu móti hefur allri lánastarfsemi til bygginga verið skipað niður á það villimannlega frumstig, er ríkjandi var fyrir daga reglulegrar bankastarfsemi, og í því skjóli hefur ýmislegt óheilnæmt brask og okur getað þróazt.

Með breytingum þeim á lánaskilmálum 16. veðdeildarflokks, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er ætlunin að ráða bót á þessu ófremdarástandi og gera veðdeildina aftur að stofnun, er vinni það hlutverk, sem henni upprunalega var ætlað, að tryggja almenningi hagkvæm fyrsta veðréttar lán að verulegri upphæð af kostnaðarverði húsbýgginga. Aðalbreytingin er í því fólgin, að lán séu miðuð við 75% af fasteignamatverði lóðar og 50% af kostnaðarverði, í stað þess, að áður var aðeins miðað við virðingarverð, er bankastjórnin gat ákveðið af eigin geðþótta með þeim afleiðingum, er áður er lýst. Kostnaðarverð skal miðað við visitölu byggingarkostnaðar þess árs, sem húsin eru reist. Þar sem visitala byggingarkostnaðar liggur nokkuð fyrir neðan raunverulegt kostnaðarverð, mun hér ekki vera um að ræða meira en um það bil 45% af núverandi kostnaðarverði. Verða þessi lán því að teljast vel tryggð í húseignum þeim, sem þau eru lánuð út á, jafnvel þótt um mikið verðfall yrði að ræða á fasteignum, sem þó virðist ekki mikið útlit fyrir í bráð. Vegna þess eftirlitsleysis, er nú er ríkjandi af hálfu þess opinbera, hvað snertir húsaleiguokur, hefur þótt nauðsyn bera til að setja ákvæði til tryggingar því, að húsabráskarar gætu ekki notið góðs af þessum hagkvæmu lánum, en leigj-

endur þeirra ekki orðið þeirra aðnjótandi í lægri húsaleigu. Er því fyrst og fremst ætlað til, að bæjar- og sveitarfélög og byggingarsamvinnufélög hafi aðgang að þessum lánum, og enn fremur einstaklingar þeir, er byggja fyrir sjálfa sig, en ekki til að selja eða leigja öðrum. Það ákvæði hefur því verið sett, að lán, er veitt hafa verið einstaklingum, skuli teljast fallin í gjalddaga, þegar er selt er eða leigt öðrum. Með því verður að vera strangt eftirlit frá veðdeildarinnar hálfu, að ekki sé farið í kringum þessi ákvæði og lánin þannig misnotuð. Um þetta atriði er ætlað til, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Önnur breyting, sem gert er ráð fyrir, er sú, að vextir af bankavaxtabréfum 16. flokks séu ákveðnir 4%, en um hæð vaxta hefur ekki verið neitt ákveðið hingað til. Þar sem árlegt tillag til að borga kostnað og til varasjóðs er ½%, verða vextir til lántakanda 4½%. Það verður að teljast mjög óeðlilegt og tíðkast nú orðið hvergi, að vextir af ríkistryggðum lánum sem þessum séu hærri en 4%, og verður þjóðbankinn með kaupum slíkra skuldabréfa að sjá til þess, að vextir hækki ekki yfir það mark. Raunverulega hafa vextir af bréfum veðdeildarinnar ekki verið hærri en sem þessu nemur, svo að ekki er hægt að telja, að hér sé nein óeðlileg kvöð lögð á bankann.

Með tillögum þessa frumvarps er ætlunin að ráða nokkra bót á einni hlið þess vandræðaástands, sem nú er ríkjandi í byggingarmálunum. Til nokkurn veginn sæmilegrar lausnar þeirra mála þarf vitaskuld miklu róttækari aðgerðir, en þessar breytingar á lánastarfsemi veðdeildarinnar mundu þó nokkru fá áorkað, ef þær næðu fram að ganga.

## **Sp. 728. Tillaga til þingsályktunar**

um samgöngur á sjó.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samgöngum með ströndum fram verði án tafar komið í viðunandi horf og að samgöngum við önnur lönd verði hagað þannig að sem mestir vöruflutningar geti átt sér stað án umhleðslu.

### **Greinargerð.**

Í strandferðamálum hefur nú undanfarið ríkt slíkt öngþveiti, að furðulegt má teljast. Þarf að leita langt aftur í tímann til þess að finna fordæmi fyrir því, sem gerzt hefur undanfarna mánuði um lestaflutning á fólki, strjálur ferðir o. fl. Þetta er afsakað með því, að Esja er í viðgerð. Ekki er sú afsökun nægileg, þegar þess er gætt m. a., hvílíka aðstöðu ríkisstjórnin hefur gagnvart Eimskipafélaginu vegna samstarfs um erlend leiguskip o. fl.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur búizt við því sífellt undanfarið, að bætt yrði úr þessu ástandi, en þar sem ekki bólar á slíku, en langt komið setu Alþingis, þykir rétt, að Alþingi segi skoðun sína um málið.

Þá er annað atriði þýðingarmikið. Ekki hefur þess enn þá orðið vart, að breytt hafi verið um stefnu um vöruflutninga frá öðrum löndum, þótt styrjöldinni sé lokið og meiri skipakostur til umráða en áður. Umhleðslustefnunni er haldið enn þá, til stórtjóns fyrir mikinn þorra landsmanna. Ríkisstjórnin hefur tvímælalaust möguleika til þess að hafa mikil áhrif á framkvæmd þessara máli, m. a. vegna leiguskipanna, sem Eimskipafélagið fær fyrir milligöngu stjórnarinnar. Þess vegna þykir flm. rétt og nauðsynlegt, að Alþingi geri ályktun um það, hverja stefnu það aðhyllist í þessu máli.

Nánar í framsögu.



**Ed.**

## **729. Lög**

um dósentsembætti í islenskku nútíðarmáli og hagnýtri islenskukennslu í heim-  
spekideild Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 553.

**Nd.**

## **730. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt þetta frv. á fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (ÞB og StJSt) vilja afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Aðrir tveir nefndarmenn (GTh og GP) vilja samþykkja frumvarpið óbreytt, en einn nefndarm. (JörB) mun skila sérstöku nefndaráliti.

Nefndin leitaði umsagnar bæjarráðs og húsaleigunefndar um frumvarpið, og er umsögn þeirra prentuð með þessu nefndaráliti.

Við, sem viljum samþykkja frumvarpið óbreytt, teljum, að stefna beri að því að afnema húsaleigulögin og að í þessu frumvarpi felist ekki annað en eðlilegar breytingar, sem hægt sé að gera nú þegar og séu til verulegra bóta, þó að áfram séu veruleg höft á umráðarétti húseigna. Við teljum, að álit húsaleigunefndar sé villandi, og niðurstöður þær, sem nefndin hefur komizt að, því ekki réttar, og mun það nánar rakið í framsögu.

Þær breytingar, sem í frumvarpinu felast frá gildandi löggjöf, eru þessar:

1. Heimilt sé að láta rýma húsnæði fyrir systkini sín, ef þeim er að dómi húsaleigunefndar brýn þörf húsnæðisins. Virðist sanngjarnt, að nánustu ættingjar eins og systkini hafi meiri rétt til húsnæðisins en algerlega óviðkomandi aðilar.

2. Í húsaleigulögunum 1943 er heimildin til að láta rýma húsnæði fyrir sjálfan sig og nánustu skyldmenni bundin við það, að viðkomandi hafi eignazt íbúðina fyrir 9. sept. 1941, en hér er gert ráð fyrir, að nægilegt sé, að hann hafi eignazt hana fyrir 1. jan. 1946.

3. Leigusala sé sömuleiðis heimilt að segja upp húsnæði, sem hann eignast 1. jan. 1946 eða síðar, ef honum að dómi húsaleigunefndar er þess brýn þörf fyrir sjálfan sig. Hér er heimildin til að fá íbúð rýmda bundin við leigusala persónulega, en nær ekki til nánustu skyldmenna hans.

4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að heimilt sé að segja upp húsnæði, ef það er nauðsynlegt vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda. Það eru nokkur dæmi þess, að örlítið húsnæði í leigu hefur tafið fyrir byggingarframkvæmdum um lengri tíma, en slíkt er að sjálfsgöðu óeðlilegt, þar sem hin fyrirhugaða byggingarframkvæmd hefur verulega aukningu á húsnæði í för með sér.

5. Í b-lið fyrstu greinar er gert ráð fyrir, að heimilt sé að segja upp húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar. Þetta ákvæði í húsaleigulögunum var sett inn vegna þess ástands, sem skapaðist hér í bæ af veru hersins, en þá voru settar á stofn fjölmargar smáverzlanir, sem aðallega seldu hermönnum alls konar veitingar, og þá var aðallega fyrir tilmæli mjólkursamsölunnar sett inn í lög þetta ákvæði, en mörgum mjólkurbúðum mun þá hafa verið sagt upp. Nú er herinn að mestu farinn, og er því ekki lengur nauðsyn að hafa þetta ákvæði í lögnum.

6. Loks er í c-lið ákvæði um, að húsaleigulögin nái ekki til einstakra herbergja, sem leigð eru út frá íbúð. Við teljum, að ekki sé lengur nauðsynlegt að heimila

ekki umráðamanni íbúðar rétt til ráðstöfunar einstakra herbergja án ihlutunar húsaleigunefndar.

Með tilvísun til framanritaðs og með hliðsjón af þeirri viðurkenndu nauðsyn, að húsaleigulögunum verði smátt og smátt aflétt, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson,  
form., frsm.

Gunnar Thoroddsen.

### Fylgiskjal I.

#### BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. marz 1946.

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur í gær var gerð eftirfarandi bókun:

„Lagt fram bréf frá allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, dags. 19. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar um frv. til laga um breytingar á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, þskj. 486.

Bæjarráð telur eðlilegt, að ákvæði húsaleigulaganna séu rýmkuð jafnskjótt og Alþingi telur fært.“

Þetta tilkynnist hér með.

Bjarni Benediktsson.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

### Fylgiskjal II.

26. marz 1946.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Með bréfi, dags. 19. þ. m., hefur hin heiðraða allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar húsaleigunefndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Eftir að hafa rætt málið á fundum sínum hefur húsaleigunefndin komið sér saman um eftirfarandi umsögn: Frumvarp þetta nær bæði til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Að því er íbúðarhúsnæði snertir er gert ráð fyrir, að einstök herbergi verði undanþegin ákvæðum húsaleigulaga og því frjálst að segja þeim öllum upp. En um íbúðir eru ákvæðin rýmkuð að mun frá því, sem nú er.

Þannig má segja upp húsnæði vegna eigin þarfa og handa sömu vandamönnum og gilt hefur til þessa, ef leigusali hefur eignast hús það, er íbúðin er í, fyrir 1. janúar 1946, en samkv. núgaldandi ákvæðum þarf viðkomandi að hafa eignast húsnæðið fyrir 9. sept. 1941. — Þá má einnig samkv. frumvarpinu segja upp vegna þarfa systkina, en slíkt er ekki heimilt nú.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá skrifstofu borgarfógeta, hafa hrein afsöl fyrir húsum og íbúðum árin 1942—1945, að báðum meðtöldum, verið 1888. Í þeirri tölu eru ekki taldar með eignarheimildir, er stofnast hafa fyrir skipti, né leigusamningar þeir, er Reykjavíkurbær hefur látið fyrir lóðum eða húsin á þeim lóðum, nema þau hafi verið seld seinna.

En höfuðbreytingin samkv. frumvarpinu frá því, sem nú er, virðist í því fólgin, að segja má upp leigu á húsnæði vegna eigin þarfa, þótt leigusali hafi ekki eignast húsið fyrr en deginum áður en uppsögnin er dagsett.

Ef þessi breyting næði fram að ganga, gæti húseigandi alltaf losað hverja þá íbúð í húsi sínu, er hann óskaði, með því einu að skrifa afsal, raunverulegt eða til

málamynda, handa þeim manni, er hann óskaði að láta fá íbúðina. Mundi þetta að sjálfsögðu hafa þær afleiðingar, að þúsundum fjölskyldna og einstaklinga yrði sagt upp húsnæði sínu strax frá næsta flutningsdegi.

Mikið af þessu fólki fengi að visu að búa áfram í íbúðum sínum gegn margfaldri leigu miðað við það, sem það nú greiðir. En ekki verður séð, að komizt yrði hjá því, eftir að svo væri komið, að láta hina hækkuðu leigu hafa áhrif til hækkunar á framfærsluvísitöluna. Má hér og benda á þá staðreynd, að nær allir, sem nú missa húsnæði sitt, verða að greiða margfalda leigu, miðað við það sem áður var, fyrir hvert það húsnæði, sem þeir fá til afnota í staðinn.

Einnig mundi áreiðanlega koma til þess, ef breytingar þær, er frumvarpið gerir ráð fyrir, yrðu að lögum, að bera þyrfti hundruð eða jafnvel þúsundir manna út á götuna. Mikill fjöldi húseiganda óskar að bæta við sig húsnæði, en það er ein meginorsök húsnæðisvandráðanna, hve fólk vill nú, sakir bættrar afkomu, hafa rýmra húsnæði en fyrir stríð. En samkvæmt ákvæðum frumvarpsins mundu húseigendur geta á ýmsan hátt aukið við sig húsnæði.

Slíkir útburðir gætu orðið nokkuð erfiðir í framkvæmd, þegar ekkert húsnæði er til, sem fólkið gæti farið í, eða þá húsnæðið er svo dýrt, að það er öllum þorra manna ofvaxið að kaupa það eða taka það á leigu. Má í því sambandi benda á, að matsleiga Húsaleigunefndar nú eftir 3 herbergi og eldhús í nýju húsi er um 9 þúsund krónur á ári, en um 6 þúsund krónur eftir 2 herbergi og eldhús, að sjálfsögðu með breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir stærð og ásigkomulagi íbúðarinnar.

Að því er snertir atvinnuhúsnæðið gerir frumvarpið ráð fyrir, að uppsagnir á því verði algerlega frjálssar. Um það atriði má að miklu leyti vísa til þess, sem að framan segir um íbúðarhúsnæðið, að því er uppsagnir, útburð og húsaleiguhækkun snertir. En einnig má á það benda, að fyrir marga mun það enn tilfinnanlegra að missa atvinnuhúsnæði og þar með ef til vill alla atvinnumöguleika, en jafnvel íbúðarhúsnæði sitt, auk þess sem fjöldauppsagnir þær, er af þessu mundu leiða, hefðu mikla röskun og glundroða í för með sér, er til tjóns gæti orðið fyrir atvinnu- og viðskiptalífið, eins og ástandið er nú í málum þessum.

Með hliðsjón af framangreindu getur húsaleigunefndin ekki annað en mælt eindregið gegn því, að frumvarp þetta verði samþykkt, og vill jafnframt benda á, að eftir fyrri heimsstyrjöldina voru húsaleigulög þau, er þá giltu, ekki afnumin fyrr en frá 14. maí 1927, sbr. lög nr. 25 frá 1926, og voru húsnæðisvandráðin þó ekki mikil þá í samanburði við það, sem þau nú eru.

Húsaleigunefndin í Reykjavík.

Egill Sigurgeirsson.  
Einar Erlendsson.

Ragnar Bjarkan  
Stj. Guðmundsson.

Ragnar Þórarinsson.  
Guðm. R. Oddsson.

**Ed.**

### **731. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Steingr. Aðalsteinssyni.

Við 38. gr. Í stað orðsins „viðskiptaráð“ í 1. másl. komi: Nýbyggingarráð.

**Ed. 732. Breytingartillaga**

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. B. Á eftir tölulíð 53 kemur nýr líður:  
Staðarfell.

**Nd. 733. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943 um fiskveiðasjóð Íslands, og lögum nr. 107 30. des. 1943.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. gr.**

Stafll. b. í 4. gr. laga nr. 34/1943 orðist svo:

Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, frystihúsa, lifrarbræðslu-  
stöðva, fiskimjölsverksmiðja og annarra iðjufyrirtækja, sem vinna eingöngu eða að  
langmestu leyti að hagnýtingu sjávarafurða.

**2. gr.**

5. gr. sömu laga orðist svo:

Fiskveiðasjóður má lána gegn fyrsta veðrétti allt að helmingi virðingarverðs, þó  
ekki hærra lán en fimm hundruð þúsund kr. Lengsti lánstími er 20 ár.

**3. gr.**

6. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 107 30. des. 1943 falli burt.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í lögnum um fiskveiðasjóð Íslands er í 6. gr. svo fyrir mælt, að út á aðrar  
eignir en skip megi ekki lána hærri fjárhæð en kr. 75 þús. og ekki til lengri tíma en  
15 ára. Ákvæði þetta er orðið úrelt, og hefur stjórn fiskveiðasjóðs óskað þeirrar  
breytingar á lögnum, sem í frv. þessu felst.

**Sb. 734. Breytingartillögur**

við till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstörf.

Flm.: Pétur Ottesen, Gísli Jónsson.

**1. Tillgr. orðist svo:**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram rannsóknum á því,  
hvernig landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi verði bezt og haganlegast fyrir  
komið. Skal í því efni einnig samtímis taka til athugunar, hvort samrýma megi  
landhelgis- og björgunarstarfi fiskirannsóknir og leit nýrra fiskimiða.

Þá skal og þessari rannsókn beint að því, hvernig bezt og heppilegast verði  
fullnægt samningi milli ríkisstjórnarinnar og slysavarnasveita á Vestfjörðum um

byggingu eða kaup á skipi til þeirra starfa. En þangað til samningnum verður fullnægt að undangenginni rannsókn, er ríkisstjórninni heimilt að leigja skip í þessu skyni.

Þá skal það og haft í huga við greinda rannsókn, að samningar takist um hliðstætt efni við slysavarnasveitir annarra landshluta.

Enn fremur taki ríkisstjórnin til athugunar, hvort eigi sé unnt að komast af með færri menn á varðskipunum en nú er.

Heimilt er stjórninni að selja varðskipin Njörð, Baldur og Braga eða skipta á þeim og öðrum skipum, er hér henta við landhelgisgæzlu og björgunarstörf, ef rannsókn sú, er hér um ræðir, leiðir í ljós, að takast megi að koma á hagkvæmum skiptum.

Ríkisstjórnin má verja fé úr rikissjóði vegna ráðstafana þeirra, er hér um ræðir, þar með talin þóknun til þeirra kunnáttumanna á þessu sviði, sem hún kveður sér til ráðuneytis um þessi mál.

2. Aftan við fyrirsögnina bætist: o. fl.

## **Nd. 735. Breytingartillögur**

við frv. til 1. um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 8. gr.

1. Við 2. málsg. greinarinnar bætist: þar til lánið er greitt niður um helming.
2. Á eftir 2. málsg. kemur ný málsg.:  
Enn fremur má lána félögum þeim, sem um ræðir í 2. málsg. 3. gr. laga þessara, allt að  $\frac{2}{3}$  (tveim þriðju) út á framkvæmdir þær, sem um ræðir í 2. málslið 1. málsg. þeirrar greinar.
3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Óheimilt er að lána einum aðila meira en 4 millj. af fé stofnlánadeildarinnar. Þetta ákvæði nær þó eigi til bæjarfélaga og hreppsfélaga né þeirra félaga útvegsmanna, sem um getur í 2. málsg. 3. gr. laga þessara.

## **Nd. 736. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Við 3. gr. Á eftir „niðursuðuverksmiðjum“ í 1. mgr. gr. komi: sildarverk-smiðjum.

## **Nd. 737. Nefndarálit**

um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á fyrri hluta yfirstandandi þings sendi samgöngumálaráðherra nefndinni frumvarp til laga um eftirlit með skipum. Mæltist ráðherrann til, að nefndin flytti frumvarpið. Skömmu síðar fékk nefndin í hendur fjölda breytingartillagna, er skipaskoðunarstjóri hafði gert við það. Nefndin vann lengi að athugunum á frumvarpinu, hélt

um það marga fundi og bar það vandlega saman við gildandi lög um þetta efni og tillögur skipaskoðunarstjóra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til, að sérfróðir menn endurskoðuðu frumvarpið. Endursendi hún það ráðherranum og skýrði honum frá þessu álitinu.

Endurskoðun sú, er nefndin taldi æskilega, fór síðan fram, og lagði ráðherrann frumvarpið að því loknu fyrir Alþingi.

Nú hefur nefndin enn rannsakað mál þetta vandlega og varið til þess miklum tíma. Þó er ekki enn lokið athugun á kaflanum um siglingadóm. Verður sú athugun gerð milli 2. og 3. umræðu. En nefndin leggur til, að frv. verði að öðru leyti samþ. með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Fyrir orðin „íslenzkum skipverjum“ í niðurlagi 2. málsg. komi: íslenzkri skipshöfn.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Orðin „hvers konar“ í 1. málsg. falli niður.
5. Við 9. gr.
  - a. Upphaf 2. málsg. skal hljóða svo:  
Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur o. s. frv.
  - b. Aftan við greinina bætist: Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og Fiskifélags Íslands.
6. Við 10. gr. Orðin „Sérfræðingur um smíði tréskipa og fjórði“ falli burt.
7. Við 15. gr. Á eftir orðunum „tillögum eftirlitsmanna“ í fyrri málsg. bætist inn orðin: og sjómannasamtaka á hverjum stað.
8. Við 18. gr. Niðurlag 1. málsgreinar frá orðunum „um öryggi skipa“ falli niður.
9. Við 20. gr. Á eftir orðunum „lög þessi séu brotin eða“ bætist inn orðin: að brotnar séu.
10. Við 21. gr. Orðin „íslenzkt eða útlent“ í fyrstu málsgrein falli burt.
11. Við 24. gr. Síðasta málsgreinin orðist svo: Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.
12. Við 35. gr. B. Í stað orðanna „eigi minna“ í 2. málsg. komi: a. m. k.
13. Við 36. gr.
  - a. Síðari málsg. 3. tölul. falli burt.
  - b. Tölul. 4 falli burt.
14. Við 39. gr. D. Síðari málsliður 3. málsgreinar orðist svo: Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára.
15. Við 43. gr. Aftan við gr. bætist: Reglugerðin skal samín að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
16. Við 64. gr. Greinin orðist svo:  
Skipaskoðunarstjóri, sérfróðir fulltrúar skipaskoðunarstjóra (sbr. 10. gr.) og eftirlitsmenn (sbr. 12. gr.) skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.
17. Við 65. gr. Greinin fellur burt.
18. Við 66. gr. Greinin fellur burt.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Sigurður Kristjánsson,  
form., frsm.

Lúðvík Jósefsson,  
fundaskr.

Eysteinn Jónsson.

Finnur Jónsson,  
með fyrirvara um einst. brtt.

Jóhann Þ. Jósefsson.

**Sp. 738. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að bæta tjón vegna svinapestar.

Flutningsmenn: Sigurður Kristjánsson, Einar Olgeirsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigfús Sigurhjartarson, Hallgrímur Benediktsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórn að bæta Högna bónda Halldórssyni, Reykjavík, allt að helmingi þess tjóns, er hann varð fyrir á árinu 1945 við að missa úr pest megnið af bústofni sínum, sökum þess að eigi var til bóluefni til bólusetningar á bústofninum, enda láti ríkisstjórnin áður rannsaka, hve mikið tjónið er.

**Greinargerð.**

Högna bóndi Halldórsson, Vík Langholtsvegi, Reykjavík, missti árið 1945 139 svín (grísi og fullorðið) úr svinapest, vegna þess að eigi var til efni til bólusetningar á svinunum, en ríkið hefur innflutning þess. Er tjón þetta mjög tilfinnanlegt og nemur tugum þúsunda króna fyrir bónda þennan. Og þar sem ríkið á hér hlut að máli, virðist rétt, að það bæti að nokkru tjón þetta, enda láti ríkisstjórnin áður rannsaka til fullnustu tildrög þess og hve miklu tjónið nemur.

**Ed. 739. Breytingartillaga**

við frv. til l. um gagnfræðanám.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 38. gr. í stað orðanna „allt að 30 kennslustundum“ komi allt að 27 kennslustundum.

**Nd. 740. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 1. gr.

- a. Við 1. tölulið. Í stað „300 krónur“ komi: 500 krónur.
- b. Við 2. tölulið. Í stað „300 krónur“ komi: 500 krónur, — og í stað „10 krónur“ komi: 16 krónur.
- c. Við 3. tölulið. Í stað „1000 krónur“ komi: 1600 krónur.
- d. Við 7. málgr. Í stað „50 krónur“ á tveim stöðum komi: 85 krónur.

**Nd. 741. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935 og nr. 40 27. júní 1941, um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmanna (IngJ og SÞ) tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Sigurður E. Hlíðar,  
form.

Sigurður Thoroddsen,  
fundaskr.

Stefán Jóh. Stefánsson,  
frsm.

**Nd. 742. Breytingartillögur**

við frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá Skúla Guðmundssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni og Hallgrími Benediktssyni.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðinu „Nýbyggingarráð“ í 1. og 2. tölul. komi á báðum stöðum: hreppsnefnd Höfðahrepps.

b. 3. tölul. b. orðist svo:

að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við Nýbyggingarráð, hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstjórnina, til þess að selja þau einstaklingum, byggingarfélagum eða byggingarsamvinnufélögum, enda sé það aðalreglan, að húsin séu byggð eftir fyrir fram gerðum pöntunum og seld, þegar þau eru að nokkru eða öllu leyti smíðuð, eftir vali kaupenda.

**Ed. 743. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 690 [Fræðsla barna].

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. Í stað orðanna „Fræðslumálastjórn skipar formann úr hópi fræðsluráðsmanna“ kemur: Fræðsluráð kys sér formann úr sínum hópi.

**Ed. 744. Lög**

um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 709.

**Sp. 745. Nefndarálit**

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um veiting héraðsdómaraembætta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og orðið ásátt um að mæla með því, að hún verði samþykkt með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. Á eftir orðinu „héraðsdómara“ komi: og um veitingu héraðslæknaembætta, ef Læknafélag Íslands telur þess þörf, og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um veitingu héraðsdómaraembætta og héraðslækna.

Einn nefndarm., BG, var fjarstaddur er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1946.

Jóhann Þ. Jósefsson,  
form.

Sigurður Þórðarson,  
fundaskr.

Jón Sigurðsson,  
framsögum.

Páll Zóphóniasson.

Sigurður Thoroddsen.

Ingólfur Jónsson.



**Ed. 746. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 694 [Fræðsla barna].

Frá Bernharð Stefánssyni.

Í stað orðanna „tíunda hvert ár“ komi: einu sinni.

**Nd. 747. Breytingartillaga**

við frv. til l. um Austurveg.

Frá Emil Jónssyni og Sigurði Bjarnasyni.

Við 5. gr. Í stað „6 árum“ komi: 8 árum.

**Ed. 748. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 710 (Hafnargerðir).

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 3. a. Liðurinn orðist svo:

5. mgr. orðist svo:

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932 og lögum nr. 36 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

**Ed. 749. Breytingartillaga**

við frv. til l. um hafnargerðir og landingarbætur.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 2. gr. B 22. Nýr liður:

Grenivík.

**Sp. 750. Tillaga til þingsályktunar**

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

**Nd. 751. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá öðrum minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur á fundum sínum og utan funda athugað frumvarp þetta gaumgæfilega. Nefndin gat þó eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarm. (GTh og GP) vilja samþ. frumvarpið óbreytt, einn (JörB) mun skila sérstöku álitum, en undirritaðir leggja til, að málið verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Alþingi það, er nú situr, hefur með þingsályktun falið ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna, framkvæma endurskoðun á þeim og leggja niðurstöðurnar fyrir næsta reglulegt Alþ.

Deildin treystir ríkisstjórninni til að framkvæma þessi fyrirmæli samvizkusamlega og telur því, að frekari aðgerðir í máli þessu séu hvorki æskilegar né viturlugar, eins og nú standa sakir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Stefán Jóh. Stefánsson,  
fundaskr.

Þórður Benediktsson,  
frsm.

**Nd.**

#### **752. Nefndarálit**

um frumv. til laga um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá Ed. Ákvæði þess eru samhljóða bráðabirgðalögum frá 29. júní 1945, en þau eru þegar komin til framkvæmda.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson,  
form., með fyrirvara.

Stefán Jóh. Stefánsson,  
fundaskr.

Þórður Benediktsson,  
frsm.

Gunnar Thoroddsen,  
með fyrirvara.

Jörundur Brynjólfsson.

**Nd.**

#### **753. Nefndarálit**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá Ed. Ákvæði þess eru samhljóða bráðabirgðal. frá 29. júní 1945, en þau eru þegar komin til framkvæmda.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Garðar Þorsteinsson,  
form., með fyrirvara.

Stefán Jóh. Stefánsson  
fundaskr.

Þórður Benediktsson,  
frsm.

Gunnar Thoroddsen,  
með fyrirvara.

Jörundur Brynjólfsson.

**Ed.**

## **754. Breytingartillögur**

við frv. til laga um virkjun Sogsins.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 7. gr.

1. Aftan við 1. másl. 1. mgr. bætist: nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun.
2. Aftan við 2. másl. 1. mgr. bætist: og eigandi að helmingi, þegar vatnið er full-virkjað.

**Sp.**

## **755. Tillaga til þingsályktunar**

um skipun millipinganefndar til þess að athuga og gera tillögur um verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismál.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Barði Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um:

- a. Hversu haga skuli innflutningsverzlun landsins til þess að kostnaður við innkaup, flutninga og dreifingu vörunnar verði sem minnstur og vörunar sem ódýrastar til neytenda.
- b. Hversu bezt verði tryggður nægur innflutningur nauðsynja til neyzlu og framleiðslustarfa og byggingarefnis auk nýsköpunarvara.
- c. Hversu bezt verði komið fyrir innflutningi á nauðsynjavörum með hliðsjón af markaðsöflun erlendis fyrir útflutningsvörur landsmanna.
- d. Hverjar ráðstafanir séu líklegastar til að koma í veg fyrir, að fé sé flutt úr landi.

Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum, en þann fimmta skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. september 1946.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Í samningum flokka þeirra, er standa að núverandi ríkisstjórn, og móta átti stefnu stjórnarinnar, er komið svo að orði um verðlags- og verzlunarmál, eins og segir í ræðu forsætisráðherra, er hann flutti í sameinuðu Alþingi 21. okt. 1944:

„Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að hafa sem öruggastan hemil á verðlagi og mun vinna að því, að sem minnstur kostnaður falli á vörunar við sölu þeirra og dreifingu. Verður tekið til ýtarlegrar athugunar, á hvern hátt þessu marki verði bezt náð.“

Ekki hefur þó fengið nokkuð verulegt aðgert í þessum málum, sem að gagni hefur komið, en hins vegar er í flestum atriðum fullnægt eða verið að fullnægja framkvæmd hinna annarra stefnumála ríkisstjórnarinnar. Sýnist því full ástæða til að hefja nú undirbúning til aðgerða í verzlunar-, viðskipta-, verðlags- og gjaldeyrismálunum, og er tillaga þessi flutt í því skyni. Þykir rétt að fara nokkrum almennum orðum um þessi mikilsverðu málefni, sem rökstuðning fyrir því, að hefjast þurfi handa með nýjum rögg samlegum aðgerðum.

Utanríkisverzlunin er einn af merkustu og þýðingarmestu þáttum í íslenzku athafna- og fjármálalífi og hefur meðal annars mikil áhrif á framleiðsluhættina í landinu, og getur, ef vel og skynsamlega á er haldið, stutt að bættum framleiðslu- og útflutningsskilyrðum landsmanna. Hagur og líðan almennings er og ekki lítið undir því komin, að inn til landsins séu fluttar haganlega innkeyptar nauðsynjavörur, bæði til daglegra afnota fyrir almenning og eins til stofnunar og reksturs atvinnuvegum landsmanna. Vegna íslenzkra atvinnuhátta og lífskjara er það næsta nauðsynlegt að auka og bæta utanríkisverzlunina og reka hana í þágu alþjóðar.

Af þessu leiðir vissulega, að eftirlit og afskipti samfélagsins er næsta nauðsynlegt. Það má alveg ganga út frá því, að millirikjaverzlunin verði, í nánustu framtíð að minnsta kosti, háð samningum milli ríkja. Til þess að geta rekið skelegga og þróttmikla verzlunarpólitik innan vébanda millirikjaviðskiptanna og auka útflutningsmagn íslenzkra afurða og innflutning á nauðsynjavörum verður ríkið að hafa öflugra hönd í bagga. Ríkið verður að hafa vald til þess að gera verzlunarsamninga við önnur ríki og hafa í sínum höndum nauðsynlegan mátt til þess að öryggja góða og öflugra framkvæmd þeirra. Það verður að leggja kapp á það, að útflutningsvörur landsmanna fari, að minnsta kosti að öðru jöfnu, til þeirra landa, þar sem við getum fengið hagkvæmar og sem ódýrastar innflutningsvörur. En til þess að svo megi verða, þarf þjóðfélagið að hafa ríkt vald ekki síður yfir innflutnings- en útflutningsverzluninni.

Eins og sakir standa nú, hafa Íslendingar yfir að ráða verulegum forða af erlendum gjaldeyri, þó að mestur hluti hans sé að visu ekki gjaldgengur nema meðal nokkurra ríkja, en sá hluti hins erlenda gjaldeyris, sem við ráðum yfir, er nota má til kaupa hvar sem vera skal, er þegar verulega genginn til þurrðar. Ekki verður heldur með vissu sagt, hvað mikið af íslenzkum afurðum tekst að selja fyrir gjaldeyri, sem nota má alls staðar. Það er því réttara að gera ráð fyrir, að varlega verði að fara með gjaldeyri okkar, og því er það hin mesta fásinna að láta einstaklinga eftirlitslítið fara með og eyða nýtsamasta erlendum gjaldeyri okkar og verja honum til innkaupa á vörum, sem ekki eru ýkja nauðsynlegar. Það mundi geta leitt til hins gamla ömurlega öngþveitis, sem fyrir nokkrum árum þekktist í gjaldeyris-málum okkar. Þegar ekki er yfirfljótanlegur erlendur gjaldeyri, verður að gæta hans vel. Innflutningseftirlit ríkisins verður fyrst og fremst að tryggja nægan innflutning nauðsynjavara almennings og til stofnunar og rekstrar framleiðslutækja. Það ber því vissulega brýna nauðsyn til, að ríkið hafi öflugt vald yfir innflutningnum og þar undir að sjálfsögðu talin umráð erlends gjaldeyris, til þess að hindra, að einkabrask og fjárplógsstarfsemi verði þar ráðandi.

Umrád eða eftirlit þjóðfélagsheildarinnar yfir innflutningsverzluninni er vissulega studd þeim ríku rökum, að hagur einstaklinga verði að vikja fyrir heill fjöldans, og að mesta kapp verði að leggja á það í þessum málefnum að öryggja öllum atvinnu og aðgang að nægum nauðsynjum. Sérstaklega ber ríka nauðsyn til, að öflugt vald sé í höndum ríkisins í þessum málum á tímabili því, er nú fer í hönd, eftir að beinu stríðsástandi er aflétt og áður en komið er jafnvægi á millirikjaskipti í verzlunarmálum.

Það er engum vafa bundið, að sameiginleg heildarinnkaup á miklu vörumagni nauðsynja frá útlöndum eru oft miklu hagkvæmari og hafa í för með sér minni kostnað, meðal annars á umbúðum, farmgjöldum og vátryggingu. En það sem mest er um vert í því efni, er eftirlit með verðlaginu og þá einnig dreifingu varanna. Það er augljóst mál, að með heildarinnkaupum fyrir forgöngu eða undir eftirliti ríkisvaldsins er hægt að heita verðlagseftirlitinu með bestum árangri. Til stuðnings þessu má nefna dæmi. Sama vara er keypt frá fleiri en einu landi og með mismunandi verðlagi. Við hvaða innflutningsverð á að miða söluverðið til neytenda? Það er engum vafa bundið, að ef um skort á vörunni væri að ræða, mundi hæsta innkaupsverðið verða lagt til grundvallar. Með heildarinnkaupum og ákveðnu verðlagseftirliti yrði meðalverðið lagt til grundvallar.

Það er alls ekki nóg að tryggja það, að erlendum gjaldeyri sé fyrst og fremst varið til innkaupa á nauðsynjavörum. Það verður að gera meira. Það verður að tryggja, að vörunum sé varið til þess, sem mest er í samræmi við alþjóðarhag, og eins hitt, að vörunar séu seldar við sem vægustu verði. En til þess að svo megi vera, þarf eftirlitið ekki einungis að ná til gjaldeyrisnotkunarinnar og innkaupanna. Eftirlitið verður að fylgja vörunni alla leið að dyrum neytenda eða notenda. En til þess þarf vald þjóðfélagsins í þessu efni að vera öflugt og notað í þágu heildarhagsmuna. Og einn liðurinn í því er að víkja til hliðar óþörfum milliliðum og ágóða þeirra og miða innkaup og dreifingu varanna við heildarhag.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sumar vörur eru fluttar til landsins án þess að einkaframtakið hafi þar verulega íhlutun. Góðir og færir menn þurfa að leggja fram krafta sína í þjónustu við þjóðfélagið og á þann hátt vinna, gegn góðum launum, að því, að innflutningsverzlunin sé rekin með hag alþjóðar fyrir augum, en ekki til óhófságóða fyrir fámenna stétt manna.

Fyrir allar þessar sakir sýnist flutningsmönnum þessarar tillögu, að hefjast verði handa um undirbúning að nýjum og öflugum aðgerðum til úrlausnar þessu vandamáli, og er tillaga þessi flutt í því skyni.

**Nd.**

### **756. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta var borið fram í efri deild á öndverðu þessu þingi. Eftir 5 mánaða dvöl í þeirri virðulegu málstofu var það svo sent neðri deild til fyrirgreiðslu með samhljóða atkvæðum háttvirtra deildarmanna. Nú hefur landbúnaðarn. Nd. haft málið í fórum sínum um þriggja vikna skeið, en þó hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um afgreiðslu þess.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að svo búið megi ekki lengur standa, þar sem nú dregur óðum að þinglokum, og viljum gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að málið geti fengið fullnaðar afgreiðslu á þessu þingi. Leggjum við eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson.  
fundaskr., frsm.

**Sþ.**

### **757. Tillaga til þingsályktunar**

um framlag ríkisins til byggingar áburðarverksmiðju.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja til hliðar af tekjum ársins 1945 og 1946 fé það, er henni hefur verið heimilað að taka af tekjum þessara ára til stofnunar áburðarverksmiðju samkvæmt 22. gr. XXXIII í fjárlögum fyrir árið 1945 og 22. gr. XXVII í fjárlögum fyrir árið 1946.

Greinargerð.

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árin 1945 og 1946 er ríkisstjórninni heimilað að verja af tekjum ríkisins þessi ár 2 millj. króna hvort árið til stofnunar áburðarverksmiðju.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1945 eins og það var lagt fyrir Alþingi af þáverandi ríkisstjórn var tekin upp greiðsla til stofnunar áburðarverksmiðju. Við meðferð fjárlaganna í þinginu var þessi greiðsla felld niður, en ríkisstjórninni í þess stað veitt framanskráð heimild. Frumvarpi því, er fyrrv. stjórn hafði lagt fyrir Alþingi, var einnig vísað frá, til Nýbyggingarráðs. Nú fyrir skömmu hefur Nýbyggingarráð skipað sérstaka nefnd til áframbaldandi undirbúnings málsins, og mun hún sennilega skila álitinu og tillögum áður en langur tími líður. Þó að svo kunni að fara, að nokkur dráttur verði á því, að framkvæmdir verði hafnar í málinu, er nauðsynlegt að hefja þegar hinn fjárhagslega undirbúningur þessa mikla nauðsynjamáls landbúnaðarins, og er því hér fram á það farið, að fjármunir þeir, sem Alþingi hefur heimilað í þessu skyni, verði nú þegar lagðir til hliðar, svo að þeir verði þar með tryggðir þessu fyrirtæki, þegar tími þykir til þess kominn, að í það verði ráðizt.

**Nd.**

### 758. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

I. Við 1. grein:

1. 6. tölul. orðist svo:

Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi þrjú nr., svo hljóðandi:  
Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:

7. — á bifreiðar og bifhjól ..... 1 kg

8. — á dráttarvélar og veghefla ..... tollfrjáls.

9. — á önnur farartæki ..... —

2. Á eftir 6. tölul. komi nýir töluliðir, þannig:

a. Nr. 13 í 39. kafla orðist svo:

13. — gólfmottur og kátsjúksetur ..... —

b. Nr. 1—3 í 40. kafla orðist svo:

1. — — plankar og bitar, ót. a. .... 1 fet<sup>3</sup>

2. — — borð óunnin ..... —

3. — — borð hefluð og plægð ..... —

3. Á eftir 7. tölul. komi nýir töluliðir, þannig:

a. Nr. 5—7 í 40. kafla orðist svo:

5. — — símastaurar og raflagnastaurar ..... —

6. — — girðingastaurar ..... —

7. — — staurar, tré og spírur, ót. a. .... —

b. Nr. 9—11a í 40. kafla orðist svo:

9. — beyki ..... —

10. — birki og hlynur ..... —

11. — askur ..... —

11a — lindiviður ..... —

c. Nr. 12—19 í 40. kafla orðist svo:

12. — rauðviður (mahogni) ..... —

13. — satinviður ..... —

14. — teakviður ..... —

15. — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon“) ..... —

16. — hnotutré ..... —

17. — spónn ..... —

18. — brúnspónn í stykkjum ..... —

19. — annar ..... —

|   | Toll-<br>eining    | Vöru-<br>magns-<br>tollur<br>Aurar | Verð-<br>tollur<br>% |
|---|--------------------|------------------------------------|----------------------|
| 7. — á bifreiðar og bifhjól                       | 1 kg               | 7                                  | 10                   |
| 8. — á dráttarvélar og veghefla                   | tollfrjáls.        |                                    |                      |
| 9. — á önnur farartæki                            | —                  | 7                                  | 10                   |
| 13. — gólfmottur og kátsjúksetur                  | —                  | 7                                  | 10                   |
| 1. — — plankar og bitar, ót. a.                   | 1 fet <sup>3</sup> | 10                                 | 2                    |
| 2. — — borð óunnin                                | —                  | 10                                 | 2                    |
| 3. — — borð hefluð og plægð                       | —                  | 10                                 | 2                    |
| 5. — — símastaurar og raflagnastaurar             | —                  | 10                                 | 2                    |
| 6. — — girðingastaurar                            | —                  | 10                                 |                      |
| 7. — — staurar, tré og spírur, ót. a.             | —                  | 10                                 | 2                    |
| 9. — beyki  | —                  | 10                                 | 2                    |
| 10. — birki og hlynur                             | —                  | 10                                 | 2                    |
| 11. — askur                                       | —                  | 10                                 | 2                    |
| 11a — lindiviður                                  | —                  | 10                                 | 2                    |
| 12. — rauðviður (mahogni)                         | —                  | 10                                 | 8                    |
| 13. — satinviður                                  | —                  | 10                                 | 8                    |
| 14. — teakviður                                   | —                  | 10                                 | 8                    |
| 15. — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon“) | —                  | 10                                 | 8                    |
| 16. — hnotutré                                    | —                  | 10                                 | 8                    |
| 17. — spónn                                       | —                  | 10                                 | 8                    |
| 18. — brúnspónn í stykkjum                        | —                  | 10                                 | 2                    |
| 19. — annar                                       | —                  | 10                                 | 8                    |

|  | Toll-<br>eining    | voru-<br>magns-<br>tollur<br>Aurar | Verð-<br>tollur<br>% |
|--|--------------------|------------------------------------|----------------------|
| d. Nr. 31—32 í 40. kafla orðist svo:                                     |                    |                                    |                      |
| 31. Tilhöggvin hús eða önnur mannvirki og hlutar til þeirra, ót. a. .... | 1 kg               | 1                                  | 2                    |
| 32. Gluggar, hurðir og glugga- og hurðakarmar ..                         | 1 fet <sup>3</sup> | 10                                 | 8                    |
| e. Nr. 49 í 40. kafla orðist svo:  |                    |                                    |                      |
| 49. — húsgagnagrindur og húsgagnahlutar, ósamsett .....                  | 1 kg               | 7                                  | 15                   |
| f. Nr. 50—52 í 40. kafla (húsgögn) orðist svo:                           |                    |                                    |                      |
| 50. — bólstruð og fóðruð með silki eða gerfisilki                        | —                  | 7                                  | 30                   |
| 51. — bólstruð og fóðruð með öðrum efnum en silki eða gerfisilki .....   | —                  | 7                                  | 30                   |
| 52. — önnur .....  | —                  | 7                                  | 30                   |
| g. Nr. 58 í 40. kafla orðist svo:  |                    |                                    |                      |
| 58. Búsáhöld .....   | 1 kg               | 7                                  | 10                   |
| h. Nr. 7—9 í 42. kafla orðist svo:                                       |                    |                                    |                      |
| Húsgögn og innanstokksmunir:   |                    |                                    |                      |
| 7. — bólstruð og fóðruð með silki eða gerfisilki                         | —                  | 7                                  | 30                   |
| 8. — bólstruð og fóðruð með öðrum efnum en silki eða gerfisilki .....    | —                  | 7                                  | 30                   |
| 9. — önnur .....   | —                  | 7                                  | 30                   |
| 4. 8. töluliður falli niður.   |                    |                                    |                      |
| 5. 9. töluliður falli niður.   |                    |                                    |                      |
| 6. 11. tölul. orðist svo:  |                    |                                    |                      |
| Orðið „(sivöl)“ í nr. 17 í 60. kafla falli niður.                        |                    |                                    |                      |
| 7. Á eftir 12. tölul. komi nýir tölul., þannig:                          |                    |                                    |                      |
| a. Nr. 20—21 í 60. kafla orðist svo:                                     |                    |                                    |                      |
| 20. Hitafloeskur .....   | —                  | 7                                  | 10                   |
| 21. Búsáhöld úr gleri, ót. a. ....                                       | —                  | 7                                  | 10                   |
| b. Nr. 63—66 í 63. kafla orðist svo:                                     |                    |                                    |                      |
| Húsgögn og húsgagnahlutar úr járn og stáli:                              |                    |                                    |                      |
| 63. — ósamsett .....   | —                  | 7                                  | 15                   |
| 64. — bólstruð og fóðruð með silki eða gerfisilki                        | —                  | 7                                  | 30                   |
| 65. — bólstruð og fóðruð með öðrum efnum en silki eða gerfisilki .....   | —                  | 7                                  | 30                   |
| 66. — önnur .....  | —                  | 7                                  | 30                   |
| c. Nr. 83 í 63. kafla orðist svo:  |                    |                                    |                      |
| 83. Búsáhöld, ót. a. ....  | —                  | 7                                  | 10                   |
| d. Nr. 23 í 64. kafla orðist svo:  |                    |                                    |                      |
| 23. Búsáhöld, ót. a. ....  | —                  | 7                                  | 10                   |
| e. Nr. 5 í 65. kafla orðist svo:   |                    |                                    |                      |
| 5. Búsáhöld, ót. a. ....   | —                  | 7                                  | 10                   |
| f. Nr. 3 í 66. kafla orðist svo:   |                    |                                    |                      |
| 3. Plötur .....  | —                  | 2                                  |                      |
| g. Nr. 9 í 66. kafla orðist svo:   |                    |                                    |                      |
| 9. Búsáhöld, ót. a. ....   | —                  | 7                                  | 10                   |
| h. Nr. 6 í 68. kafla orðist svo:   |                    |                                    |                      |
| 6. Búsáhöld úr zinki, ót. a. ....  | —                  | 7                                  | 10                   |
| i. Nr. 6 í 69. kafla orðist svo:   |                    |                                    |                      |
| 6. Búsáhöld úr tini, ót. a. ....   | —                  | 7                                  | 10                   |
| j. Nr. 2—2a í 71. kafla orðist svo:                                      |                    |                                    |                      |
| Borðhnifar, gaflar og alls konar skeiðar úr ódýrum málum:                |                    |                                    |                      |
| 2. — með góðmálmshúð .....   | —                  | 7                                  | 10                   |
| 2a — annað .....   | —                  | 7                                  | 10                   |

- k. Nr. 12 í 72. kafla orðist svo:  
12. — dráttarvélar (traktorar) ..... tollfrjálsar.

II. Við 2. grein:

1. 1. tölul. orðist svo:

Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Skylt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í umbúðir og umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhæfari eða til þess, að þær geymist betur.

2. 2. tölul. falli niður.

3. Á undan 3. tölul. komi tveir nýir töluliðir, þannig:

a. Í stað „áburðarsala ríkisins“ í c-lið greinarinnar komi: Búnaðarfélag Íslands.

- b. d-liður greinarinnar orðist svo:

Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 99 12. des. 1945, að hækka tilsvarendi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.

4. i- og j-liðir 4. tölul. falli niður.

5. k-liður 4. tölul. falli niður.

6. Við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

Við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kynbótadýrum, sem Loðdýraræktarfélag Íslands flytur til landsins.

**Nd.**

**759. Nefndarálit**

um frv. til 1. um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðskráning og verðmiðlun á landbúnaðarvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var flutt á öndverðu yfirstandandi Alþingi og vísað til landbúnaðarnefndar. Þegar óskað var eftir, að nefndin afgreiddi frv., lýsti meiri hl. nefndarinnar því yfir, að ekki kæmi til mála, að þetta frv. næði fram að ganga á yfirstandandi Alþingi, þar eð fyrir lægi stjórnarfrv., er fjallaði að nokkru um sama efni, þó á annan veg væri. En það var frv. um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl. Það frv. er nú orðið að lögum og að okkar dómi með öllu óviðunandi fyrir bændur, enda í þeim lögum gert ráð fyrir endurskoðun þeirra hið allra bráðasta.

Að okkar áliti er frv. um verðlagsráð landbúnaðarins eina eðlilega lausnin á þessum málum, enda áður undirbúið af millipinganefnd, síðan sent öllum búnaðarsamböndunum til umsagnar og loks að fengnum tillögum þeirra gengið endanlega frá því á síðasta aukabúnaðarþingi. Frv. hefur því fengið svo góðan undirbúning og nýtur svo almenns stuðnings bændastéttarinnar, að ekki kemur annað til mála en að bændur fylgi því til hins ýtrasta.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Bjarni Ásgeirsson,  
fundaskrifari.

Jón Sigurðsson,  
framsögum.



**Nd.**

## **760. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

### 1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða kirkjugjald kr. 3.00 á ári. Undanþegnir gjaldi þessu eru þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, að meðtöldu niðurfönuðu hundraðsgjaldi samkvæmt þriðju málsgrein.

Kirkjugjald skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu fyrir það almanaksár, sem þá er liðið, er gjaldi er niður jafnað. Af kirkjugjaldi þessu ganga  $\frac{3}{5}$  hlutar til sóknarkirkjunnar, en  $\frac{1}{5}$  hluti rennur í sameiginlegan kirkjusjóð, sem er í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið skal kirkju og kristindómi landsins til eflingar og styrktar, samkvæmt reglugerð, er setja skal um sjóðinn.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá rétt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á kirkjugjaldsskylda útsvarsgreiðendur í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum þeirra.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Frumvarp þetta, sem er samið af biskupi landsins og samþykkt af kirkjuráði, er fram komið vegna þess, að ýmsar kirkjur í landinu hafa þegar lent í fjárhagsþröng vegna sívaxandi dýrtíðar, og því óhjákvæmilegt að sjá kirkjunum nú þegar fyrir tekjuauka í samræmi við dýrtíðina.

Breytingar þær frá gildandi lögum, sem frv. þetta felur í sér, eru aðallega þrjár:

1. Að kirkjugjaldið verði framvegis, og í fyrsta sinn árið 1947, innheimt með viðauka samkvæmt meðalvísitölu ársins næst á undan gjalddaga.
2. Að kirkjugjaldið verði framvegis kr. 3.00. Er það aðeins kr. 0.25 hækkun frá heildargjaldi því, sem undanfarið hefur verið greitt til prests og kirkju. Loks er sóknarnefndum gefin heimild til, þar sem tekjur kirkju hrökkva eigi fyrir gjöldum, að jafna niður því, sem á vantar, sem hundraðshluta af útsvörum kirkjugjaldsskyldra útsvarsgreiðenda í sókninni, enda komi samþykki safnaðarfundar til í hvert skipti. Þykir þetta einfaldari leið og hentugri en sú, sem ákveðin er í gildandi lögum.
3. Að  $\frac{1}{5}$  hluti kirkjugjaldsins, eða kr. 0.50 á mann, að viðbættri verðlagsuppbót, renni í sameiginlegan kirkjusjóð, er sé í umsjá biskups og kirkjuráðs og varið verði kirkju og kristni landsins til styrktar og eflingar. Þetta er svo lítið gjald, að engan dregur, en gæti þó orðið kirkjunni í heild verulegur styrkur, enda hin mesta nauðsyn á því, að kirkjan hafi árlega nokkurt fé til umráða til eflingar kristilegu starfi í landinu.

**Nd.**

## **761. Frumvarp til laga**

um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá menntamálanefnd.

### **I. KAFLI**

#### **Um byggingu íbúðarhúsa.**

##### **1. gr.**

Á næstu fimm árum skal fara fram rækileg athugun á öllum prestssetrum landsins, og skal þar sérstaklega koma til álitá:

1. Hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni.
2. Hvar æskilegt geti talizt, vegna breyttra aðstæðna, að færa prestssetur og þá hvert.
3. Hver prestssetur eru sérstaklega fallin til skiptingar í fleiri jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið.
4. Að gera skipulagsuppdrætti af þeim prestssetrum, sem líkleg eru til að vera aðsetur prests til frambúðar, hversu þar skuli í aðaldráttum hagað húsaskipun allri og mannvirkjum.

##### **2. gr.**

Þegar kirkjumálaráðherra að fengnu álitu biskups hefur staðfest skipulagsuppdrátt að prestssetri, er óheimilt að reisa á prestssetrinu hús eða mannvirki, sem sett eru niður í bága við uppdrátt þennan, nema sérstakt leyfi kirkjumálaráðherra komi til í hvert skipti, enda mæli bæði biskup og húsameistari ríkisins með undanþágunni.

##### **3. gr.**

Íbúðarhús á prestssetrum skal reisa úr varanlegu efni og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

##### **4. gr.**

Ríkissjóður kostar byggingu íbúðarhúsa á prestssetrum, að svo miklu leyti sem andvirði niðurlagðra bæjarhúsa ásamt hæfilegu álagi á þau og innstæða fyrringarsjóðs prestakallsins í Söfnunarsjóði hrekkur eigi til, og skal Söfnunarsjóður inna það fé af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, er greiðslu var krafizt.

##### **5. gr.**

Á fjárlögum skal árlega veitt nægilegt fé til byggingar 4 prestsseturshúsa að minnsta kosti, þar til loki ðer að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Áætlað húsameistari ríkisins byggingarkostnaðinn hverju sinni.

##### **6. gr.**

Umsókn um byggingu íbúðarhúss skal prestur senda til kirkjumálaráðuneytisins um hendur biskups, er lætur uppi álit sitt á nauðsyn byggingarinnar. Umsókninni skal fylgja álitgerð hlutaðeigandi prófasts og enn fremur lýsing úttektarmanna á ástandi bæjarhúsa og mat á verðgildi þeirra til niðurrifs, svo og á hæfilegu álagi á bæjarhúsin.

##### **7. gr.**

Kirkjumálaráðherra ákveður eftir tillögum biskups, hvaða umsóknum skuli sinnt árlega, og skal viðkomandi presti tilkynnt eigi síðar en 15. marz það ár, sem bygging á setri hans er ákveðin. Jafnframt lætur ráðherra byggingarfróðan mann

athuga aðstöðu alla, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt að byggingunni og kostnaðaráætlun. Viðkomandi prestur skal jafnan gefinn kostur á að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara. Stærð húss skal miðast við aðstöðu á hverjum stað. Nú verður ekki samkomulag milli þeirra um stærð húss, eða prestur leggur sérstaka áherzlu á breytingu á húsinu, og má þá á það fallast með því móti, að prestur greiði sjálfur helming þess, er húsið fer fram úr áætlun vegna breytinganna. Má kirkjujarðasjóður veita honum til þessa embættislán, er afborgast með 6% á ári, og eru af því 4% vextir, en 2% afborgun.

#### 8. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur kirkjumálaráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, og er húsameistara ríkisins skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, er við verður komið. Val yfirmiðs skal trúnaðarmaður og húsameistari samþykkja.

#### 9. gr.

Nú er prestur skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kaupsbæ, og er þá bæjarfélagi eða sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis hentuga lóð undir íbúðarhús hans. Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágreiningi skotið til skipulagsnefndar bæja og kaupsbæna til fullnaðarúrskurðar.

#### 10. gr.

Heimilt er ríkisstjórn að kaupa íbúðarhús handa prestur, þar sem slíkt þykir hagkvæmara, enda mæli biskup með kaupunum. Gilda um slík hús sömu ákvæði, eftir því sem við á, og um hús reist samkvæmt þessum lögum.

#### 11. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að ráðstafað hefur verið fjárveitingu til byggingar prestssetra, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að endurbyggja prestssetrið samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestssetursins hrekkur eigi til endurbyggingar.

#### 12. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss samkvæmt reglum, sem ráðuneytið setur, og greiða við burtför hæfilegt álag samkvæmt mati úttektarmanna. Prófastur og biskup skulu líta eftir því á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt. Nú kemur í ljós, að viðhaldi er áfátt hjá prestur, og skal þá prófastur setja honum hæfilegan frest úr að bæta. Ef prestur lætur samt sem áður hjá liða að framkvæma aðgerðir, skal ráðuneytinu tilkynnt, og er því þá rétt að láta nauðsynlega aðgerð á húsinu fram fara á kostnað prests og taka greiðsluna af launum hans.

#### 13. gr.

Nú verða prestaskipti eða prestur fær veitingu og tekur við prestssetri úr höndum annars úbúanda. Skal þá fram fara nákvæm úttekt á prestsseturshúsinu, þar sem lýst sé, hverjar séu nauðsynlegar aðgerðir á húsinu, svo að það geti talizt í forsvaranlegu og íbúðarhæfu ástandi. Komi þá í ljós, að álag fráfaranda á húsið nægi ekki til greiðslu aðgerða þessara, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar. Í slíkum tilfellum er ráðuneytinu rétt að senda trúnaðarmann sinn á staðinn til þess að ganga úr skugga um nauðsyn þeirra aðgerða, er úttektarmenn hafa lagt til, að gerðar verði á húsinu.

14. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands eða hjá öðru því tryggingarfélagi, er ráðuneytið samþykkir. Iðgjaldið greiðir prestur, og má halda því eftir af launum hans. Biskup gætir þess, að húsin séu jafnan vátryggð fyrir hæfilegri fjárhæð.

15. gr.

Nú telur húsameistari ríkisins ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, svo og ef rétt þykir að koma upp raflögn eða vatnsleiðslu á prestssetri, þá skulu um það gilda öll hin sömu fyrirmæli og um byggingu prestsseturshúsa samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Árgjald prests af prestsseturshúsi, reistu samkvæmt lögum þessum, svo og af viðbótarbyggingum eða endurbótum samkvæmt 15. gr. reiknast þannig:

1. Kvaðalaust framlag ríkissjóðs er  $\frac{1}{2}\%$  hlutar byggingarkostnaðar, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa og innstæðu fyrningarsjóðs samkv. 4. gr.
2. Hinum  $\frac{1}{2}\%$  hlutum kostnaðar skal deilt með byggingarvísitölu þess árs, er bygging eða endurbót samkv. 15. gr. fór fram, svo að í ljós komi byggingarkostnaður þessara  $\frac{1}{2}\%$  hluta, eins og hann hefði orðið áður en verðbækkun styrjaldarinnar skall yfir.
3. Af þeirri upphæð, sem þá kemur út, taldri í heilum þúsundum, greiðir prestur árlega  $3\frac{1}{3}\%$  ásamt verðlagsvísitöluálagi því, er hann fær greitt á laun sín.

Gjaldi þessu skal haldið eftir af laununum með  $\frac{1}{2}$  á mánuði.

Nú hefur prestsseturshús verið byggt eða keypt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 og fram til þess að lög þessi taka gildi, eða farið hefur fram meiri háttar aðgerð á eldra húsi, þá skal árgjald prests ákveðið á sama hátt og húsið hefði byggt verið eða endurbætt eftir þessum lögum.

Af íbúðarhúsum þeim á prestssetrum, sem reist hafa verið eða endurbætt fyrir 1. jan. 1940, greiðir prestur 4% af  $\frac{1}{2}\%$  byggingar- og endurbótakostnaðar, þó ekki hærri upphæð en kr. 320 á ári að viðbættri verðlagsvísitölu, og skal gjaldinu haldið eftir af launum hans með  $\frac{1}{2}$  mánaðarlega.

17. gr.

Auk árgjalds þess af prestsseturshúsum, sem gelið er í 16. gr., greiðir prestur í fyrningarsjóð  $\frac{1}{2}\%$  af þeirri upphæð, er honum ber að greiða árgjald af til ríkissjóðs. Gjald þetta tekst af launum prests með  $\frac{1}{2}$  hluta mánaðarlega með vísitöluálagi.

Fyrningarsjóður er séreign hvers prestakalls. Skal hann ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups. Nú er prestakall prests laust um hrið, og sér þá ríkissjóður um greiðslu fyrningarsjóðsgjalds á prestsseturshúsinu.

Ríkissjóður leggur árlega til fyrningarsjóðanna jafnháa upphæð og fyrningarsjóðsgjald nemur samkvæmt ákvæðum fyrri hluta þessarar greinar.

## II. KAFLI

### Um byggingu peningshúsa o. fl.

18. gr.

Peningshús, hlöður, áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús á prestssetrum, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum, má aðeins byggja úr varanlegu efni, steinsteypu, timbri og járn eða öðru því byggingarefni, er trúnaðarmaður ráðuneytisins telur heppilegt, enda sé byggingunum valinn staður samkvæmt því, sem skipulagsuppráttur staðarins gerir ráð fyrir, nema undanþága frá því sé veitt samkvæmt 2. gr.

#### 19. gr.

Nú óskar prestur að reisa á prestssetri eitthvert þeirra húsa, er talin eru í 18. gr., og sendir hann þá um það skriflega rökstudda beiðni til ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á nauðsyn prests, lætur það hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun að byggingunni, og skal prestur síðan reisa húsið eftir þeim uppdrætti eða öðrum, sem ráðuneytið samþykkir.

#### 20. gr.

Ríkissjóður leggur fram allt aðkeypt efni til byggingarinnar, en prestur kostar alla aðflutninga efnis og vinnu við bygginguna.

#### 21. gr.

Þegar húsið er fullgert, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins, og er meðmæli trúnaðarmanns liggja fyrir um að húsið sé vandað og byggt samkvæmt hinum samþykktu uppdrætti, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

#### 22. gr.

Framlag prests til endurbyggingar útihúsa á prestssetri samkvæmt 20. gr. skal presti endurgreitt svo sem hér segir:

1. Með andvirði niðurlagðra húsa, er vegna hinnar nýju byggingar teljast eigi lengur nauðsynleg jarðarhús að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn meta þau til niðurrifs, en prestur kaupir húsin samkvæmt því mati eða á því verði, er samkomulag verður um milli hans og ráðuneytisins.
2. Með álagi því, er prestur hefur tekið á hin niðurlögðu hús, að viðbættu hæfilegu álagi á húsin eftir mati úttektarmanna, eða að frádregnu hæfilegu endurgjaldi, ef húsið hefur endurbætt verið síðan prestur tók við því.
3. Með styrk, sem prestur kann að fá til byggingarinnar, samkvæmt jarðræktarlögum eða öðrum lögum.
4. Með innstæðu endurbyggingsjóðs útihúsa prestssetursins.

#### 23. gr.

Nú hrekkur endurgreiðsla samkvæmt 22. gr. ekki til fyrir framlagi prests, og lánar þá ráðuneytið fé úr kirkjujarðasjóði fyrir því, sem á vantar. Lán þessi skulu vera embættislán með veði í tekjum embættisins og greiðast með 4% á ári. Af því eru vextir 3%, en 1% afborgun. Um eftirlit, viðhald og álag slíkra húsa fer eftir ákvæðum 12. gr.

#### 24. gr.

Þegar útihús á prestssetri eru niður lögð, er presti skylt að rífa þau innan þriggja ára, frá því að hann hefur við þeim tekið samkv. 22. gr., og slétta á sinn kostnað yfir rústirnar. Vanræki prestur þetta, má láta framkvæma verkið á hans kostnað.

#### 25. gr.

Nú kemur það í ljós við burtför prests af prestssetri eða andlát hans, að hann eða dánarbú hans á útihús, girðingar eða önnur þau mannvirki á prestssetrinu, er að dómi úttektarmanna teljast nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, og skal þá ríkið kaupa þau samkv. mati úttektarmanna, ef fráfarandi óskar. Geti fráfarandi eigi selt ríki eða viðtakanda hús sín eða mannvirki, er honum heimilt að rífa þau eða selja öðrum til niðurrifs.

#### 26. gr.

Nú kaupir ríkissjóður hús eða mannvirki á prestssetri samkvæmt 25. gr., og er þá rétt að hækka afgang jarðarinnar sem nemur allt að 2% af kaupverðinu.

27. gr.

Af framlagi ríkissjóðs til byggingar útihúsa á prestssetrum samkvæmt lögum þessum, svo og af framlagi því til peningshúsa, er ríkið hefur innt af hendi samkvæmt lögum nr. 63 8. sept. 1931, skal prestur greiða árlega 1% í endurbyggingarsjóð útihúsa. Gjald þetta tekst af launum prests með  $\frac{1}{2}$  mánaðarlega. Sé prestssetur prestslaust, greiðist endurbyggingarsjóðsgjaldið úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur endurbyggingarsjóðnum árlega jafnháa upphæð og endurbyggingarsjóðsgjaldinu nemur.

28. gr.

Endurbyggingarsjóðir útihúsa eru séreign hvers prestakalls undir umsjón biskups. Þá skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Gilda um þá og greiðslur úr þeim öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetra, eftir því sem við á. Núverand „fyrningarsjóðir peningshúsa“ samkv. lögum nr. 63 1931 skulu afhentir biskupi þegar er lög þessi koma til framkvæmda, og renna þeir inn í endurbyggingarsjóði útihúsa prestssetrana.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 8. sept. 1931, um hýsingu prestssetra, svo og önnur þau ákvæði, er koma kunna í bága við þessi lög.

30. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda 1. júní 1946.

### Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni hv. kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Frumvarpinu fyldi svo hljóðandi greinargerð:

Lögin um hýsingu prestssetra frá 8. sept 1931 eru nú orðin úrelt og ekki lengur framkvæmanleg, ekki sízt vegna þeirra miklu verðbreytinga, er orðið hafa á síðari tímum.

Ber því brýna nauðsyn til að breyta lögnum í verulegum atriðum og samræma þau breyttum tímum. Þótti eftir atvikum hagkvæmara að semja frumvarp að heildarlögum um þessi efni en að breyta einstökum greinum hinna eldri laga og fella þær síðan inn í þau.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka þetta fram:

#### Um 1. gr.

Þar er gert ráð fyrir því, að á næstu 5 árum fari fram athugun á öllum prestssetrum landsins, og verði þar sérstaklega rannsakað:

- a. Hver af prestssetrum landsins séu þannig sett, að líklegt megi telja, að þau verði aðsetur prests í framtíðinni.
- b. Hvar hentugast megi teljast að færa prestssetur og þá hvert.
- c. Hvaða prestssetur séu sérstaklega fallin til skiptingar í nýbýli.
- d. Hvernig haga skuli skipulagi hinna ýmsu bygginga á prestssetrum svo bezt megi fara.

Hefur nefnd, skipuð af fyrrv. kirkjumálaráðherra dr. Birni Þórðarsyni, þegar hafið athugun á þessum málum.

Má það vera augljóst mál, að til þess að það fé, sem ríkið leggur til endurbyggingar prestssetrana, komi að fullum notum, verður að hafa farið fram rækileg athugun á öllum þessum atriðum. Lítil skynsemd eða hagsýni er í því að reisa dýr prestsseturshús á þeim jörðum, sem gera nætti ráð fyrir, að lagðar yrðu niður sem prestssetur í náinni framtíð. Hitt er og augljóst, að sníða verður stærð prestsseturs og peningshúsa eftir því, hvað hæfilegt er, að jörðin beri mikla áhöfn, og þarf því,

áður en slíkar byggingar eru reistar, að athugast, hvort jörðinni ætti að skipta í ný-  
hýli eða ekki. Loks er það mikið atriði, er um varanlegar og dýrar framtíðarbygg-  
ingar er að ræða, að þeim sé skipulega og snoturlega fyrir komið og skipað þannig  
niður, að vel fari á. Hefur á þessu víða orðið allmikill misbrestur, og mætti slíkt ekki  
endurtakast í framtíðinni.

Um 2., 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Í hinum eldri lögum er aðeins gert ráð fyrir árlegri fjárveitingu til tveggja prests-  
seturshúsa. Reynslan hefur sýnt, að þetta er engan veginn nægilegt, og í fjárlögum  
síðustu ára hefur þessu verið breytt í það horf að veita fé til 4—5 húsa á ári.

Eins og nú standa sakir eru raunverulega 114 prestssetur á landinu, ef með eru  
taldir prestar þjóðkirkjunnar hér í Reykjavík. Skiptast þau eftir byggingu þannig:

|                     |    |
|---------------------|----|
| Steinhús .....      | 63 |
| Timburhús .....     | 36 |
| Torfbærir .....     | 8  |
| Engin bygging ..... | 7  |

Eru hér meðtalin þau hús, sem nú eru í smíðum. Af steinhúsunum eru að minnsta  
kosti 3 svo léleg og gömul, að þau þarf fljótlega að endurbyggja. Og af timburhús-  
unum mun vart mega telja fleiri en 11 í svo sémilegu ástandi, að eigi þurfi þar  
endurbyggingu eða stórfelldar aðgerðir á næstu árum. Alls eru því a. m. k. 29 prests-  
setur, sem óhjákvæmilegt er að byggja á allra næstu árum. Þrátt fyrir það, þótti ekki  
rétt að fara lengra en að leggja til, að 4 hús yrðu árlega reist. Í þessu sambandi má  
geta þess, að það eru prestaköllin með hinum lélegu byggingum, sem prestslaus eru ár  
eftir ár, og horfir það til stórra vandræða. Enn fremur má og telja víst, að ein megin-  
ástæðan fyrir því, hve fáir stunda nú nám í guðfræðideild sé sú, að ungir menn telja  
ekki fýsilegt að setjast að sem prestar að námi loknu í köldum og gisnum timbur-  
húsa hjöllum eða í torfbæjum margra sveitaprestssetranna.

Um 6., 7., 8., 9., 10., 11. og 12. gr.

Þessar greinar eru að meginefni samhljóða lögnum frá 1931 um hýsingu prests-  
setra, en ýmis ákvæði gerð fyllri og greinilegri.

Um 13. gr.

Þar er gert ráð fyrir, að við prestaskipti fari fram nauðsynlegar aðgerðir á prests-  
seturshúsi, samkvæmt álitsgerðum úttektarmanna, en trúnaðarmaður ríkis skeri úr  
um hinar stærri aðgerðir. Aðgerðirnar kostar ríkissjóður að svo miklu leyti sem álag  
fráfaranda hrekkur eigi til. Er þetta að mestu í samræmi við þá venju, sem skapast  
hefur í þessum málum hin síðari ár.

Um 15. gr.

Um viðbyggingar prestsseturshúsa þykir rétt, að gildi hinar sömu reglur og um  
nýbyggingar, eftir því sem við á. Er því lagt til, að sérákvæðin um þetta í lögnum  
1931 um hýsingu prestssetra verði felld niður.

Um 16. gr.

Hún fjallar um árgjöld af prestsseturshúsum, og er þar verulega vikið frá eldri  
lagaákvæðum.

Í fyrsta lagi þykir réttara, þar sem ríkið er eigandi húsa, að um fast árgjald  
sé að ræða af prests hálfu en að hann standi ekki straum af afborgunum lána til hús-  
bygginga, þar sem hann hvorki á né eignast húsin, þótt hann greiði áhvilandi lán  
að fullu.

Í öðru lagi þykir rétt, að frá byggingarkostnaði dragist andvirði niðurlagðra húsa ásamt hæfilegu álagi á þau svo og innstæðu prestakallsins í fyrningarsjóði.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að  $\frac{3}{4}$  þess byggingarkostnaðar, sem umfram er, sé kvaðalaust framlag ríkissjóðs, og er það sama hlutfall og í gildandi lögum um hýsingu prestssetra.

Í fjórða lagi er svo til ætlazt, að þeim  $\frac{3}{4}$  hlutum byggingarkostnaðar, sem prestur greiðir af, verði deilt með byggingarvisitölu þess árs, er húsið er reist, til þess að finna sannvirði  $\frac{3}{4}$  byggingarinnar samkvæmt verðlagi fyrir styrjöldina. Árgjald prests verður síðan  $3\frac{1}{2}\%$  af þeirri upphæð, og greiðir hann það gjald með verðlags-visitöluálagi. Af húsum byggðum fyrir 1939 greiðir prestur 4% af  $\frac{3}{4}$  byggingarkostnaðar, þó ekki hærrí upphæð en 320 kr. á ári, einnig með verðlagsuppbót.

Þetta skal nánar skýrt með dæmum.

1. Hús er byggt 1945. Byggingarkostnaður þess, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa, og innstæða fyrningarsjóðs nemur kr. 140 þúsund. Byggingarvisitala er 400. Kvaðalaust framlag ríkissjóðs  $\frac{3}{4} = 84$  þús. Árgjaldsskyldur hluti prests  $\frac{3}{4} = 56$  þús. deilt með byggingarvisitölu 400:100 eða 14 þúsund. Af því greiðir prestur  $3\frac{1}{2}\%$  eða kr. 490.00 að viðbættri visitölu, sem nú er 185, eða alls kr. 1396.50.
2. Hús er byggt fyrir 1939. Hámarksgreiðsla prests er kr. 320.00 með visitölu 185, eða alls kr. 912.00.

Hér er að visu nokkur munur á árgreiðslum, en við það er að athuga, að presturinn í eldra húsinu þarf að kosta meiru til viðhalds sínu húsi af því að það er eldra. Og eins hitt, að hið nýja hús mun yfirleitt vera vandaðra og betra en gamla húsið.

Með þessum ákvæðum er yfirleitt stefnt að því að jafna árgjöldin af íbúðarhúsum presta. Leiga eftir eldri húsin er hækkuð til samræmis við verðlag í landinu. Á sú hækkan að vega á móti vaxtatapi ríkissjóðs á því fé, sem á þessum dýru tímum er lagt til nýrra bygginga. Virðist þetta sanngjörn lausn eftir atvikum, því að engin leið er til þess, að prestar geti staðizt við að greiða sæmilega vöxtu af byggingarkostnaði prestsseturshúsa nú með því verðlagi, sem ríkjandi er í landinu.

#### Um 17. gr.

Hér er um tvær breytingar að ræða frá gildandi lögum. Önnur er sú, að prestur er gert að greiða visitöluálag á fyrningarsjóðsgjaldið. Hin er sú, að ríkið leggur árlega fram jafna upphæð og prestarnir til fyrningarsjóðanna. Þykir rétt, að ríkið styrki fyrningarsjóðina til jafns við prest, þar sem þeim á að verja til endurbyggingar prestssetranna, og lækka því framlög ríkissjóðs til slíkra bygginga. Er þeim og ætlað það hlutverk í framtíðinni að kosta að öllu leyti byggingar prestssetranna, og því örvar sem þeir fá að vaxa, því fyrr verða þeir þess megnugir að inna það hlutverk af höndum.

#### Um 18.—28. gr.

Þessar greinar snerta byggingu peningshúsa og útihúsa á prestssetrum. Eru ákvæði þeirra yfirleitt svipuð og í gildandi lögum um hýsingu prestssetra, en aðeins nokkru fyllri.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Inn í frv. eru tekin áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús.
2. Að ríkissjóður leggi fram allt aðkeypt efni til bygginganna, í stað þess að í eldri lögum er aðeins gert ráð fyrir, að hann leggi fram steinlím og járn. Er þetta ákvæði meðal annars sett með tilliti til þess, að nú er vól miklu fleiri byggingar-efna en járn og cements.
3. Að fáist styrkur til bygginga samkv. sérstökum lögum (t. d. jarðræktarlögum), skuli hann ásamt andvirði niðurlagðra húsa ganga til bygginganna.



4. Að vextir af prestakallalánum til slíkra bygginga lækki úr 3½% niður í 3%, og er það lagt til vegna þeirrar vaxtalækkunar, sem orðið hefur í landinu. Gæti til álíta komið að lækka þessa vexti nokkru meira, þótt eigi hafi þótt fært að leggja það til.
5. Ýtarlegri ákvæði um kaup útihúsa af fráfarandi presti til tryggingar því, að eigi séu óþörf eða léleg hús keypt og gerð að jarðarhúsum.
6. Að séu keypt mannvirki eða hús á prestssetri, megi afgjald hækka sem nemi 2% af kaupverði þeirra.
7. Að fyrningarsjóðir peningshúsa nefnist framvegis endurbyggingarsjóðir úti-  
húsa og gildi um þá öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetranna.

Um 30. gr.

Rétt þykir, að lög þessi komi til framkvæmda frá fardögum 1946. Er eðlilegast að miða framkvæmd þeirra við fardagaárið, sem er flutningaár prestanna. Verði frumvarp þetta samþykkt á þessu þingi, ætti og að fást nægilegur tími til þess að undirbúa framkvæmd laganna síðari hluta vetrarins, svo að skýrt gæti legið fyrir um greiðslur hvers einstaks prests frá næstu fardögum.

**Nd.**

## **762. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

- Á eftir 1. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, er verða 2.—3. gr., svo hljóðandi:
- a. (2. gr.) Á kjörskrá til prestskosninga ber að taka alla þá, karla og konur, sem:
    1. eru 21 árs, þegar kosning fer fram;
    2. eru meðlimir þjóðkirkjunnar;
    3. eiga ríkisborgararétt hér á landi eða hafa verið búsettir í landinu síðustu 5 árin, áður en kosning fer fram;
    4. hafa óflekkað mannorð og eru fjár síns ráðandi;
    5. eiga lögheimili innan þeirra takmarka, er kjörskráin nær til, eða eru skráðir í safnaðardeild í prestakallinu samkv. 3. gr.
  - b. (3. gr.) Nú ákveður utanþjóðkirkjusöfnuður, sem fengið hefur löggiltan og viðurkenndan forstöðumann, það á lögmetum safnaðarfundi að ganga inn í þjóðkirkjuna og hlíta framvegis þjónustu þjóðkirkjuprests, og er honum þá heimilt, ef meðmæli biskups koma til og leyfi kirkjumálaráðherra, að gerast sérstök safnaðardeild innan þess prestakalls í prófastsdæminu, er söfnuðurinn helzt kýs.

Safnaðardeildin kýs sér safnaðarstjórn á sama hátt og sóknir innan þjóðkirkjunnar og hlítir yfirleitt sömu fyrirmælum og sérstök sókn væri, enda gilda um safnaðarstjórnina sömu lög og reglur og um sóknarnefndir yfirleitt.

Hafi slíkur söfnuður komið sér upp kirkju, áður en hann gekk inn í þjóðkirkjuna, renna sóknargjöld safnaðarins til hennar, og gilda um þá kirkju öll hin sömu fyrirmæli og um aðrar safnaðarkirkjur innan þjóðkirkjunnar. Að öðrum kosti renna sóknargjöldin til kirkju þeirrar sóknar, er söfnuðurinn hefur gerzt safnaðardeild í.

Utanþjóðkirkjumönnum einum er heimilt að ganga inn í safnaðardeild.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna, er verður 7. gr., kemur ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Þeir, sem staddir verða eða gera ráð fyrir að verða staddir utan takmarka sóknar sinnar, þá er kosning fer fram, mega greiða atkvæði heima hjá sóknarnefndarformanni sóknar sinnar á þar til gerð eyðublöð, er kirkjumálaráðuneytið lætur útbúa í samráði við biskup, og gilda um þá atkvæðagreiðslu öll hin sömu fyrirmæli og um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í gildandi lögum um alþingiskosningar, að því leyti sem við á. Kosning þessi má hefjast þegar er prófastur hefur ákveðið kjördag í sókninni.

3. gr.

1. másl. 11. gr. laganna, „Þeir, sem neyta vilja .... kjörfund sjálfir“, fellur niður.

4. gr.

12. gr. laganna, er verður 15. gr., orðist svo:

Sóknarnefnd í samráði við héraðsprófast skal sjá um, að kjördeildir í kaupstöðum og kauptúnum séu hæfilega margar, svo og að kjörstaðir verði á fleirum en einum stað í hinum víðáttumeiri sóknum og þeim, sem sérstaklega eru torsóttar yfirferðar. Hreppi má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar. Verði ágreiningur milli sóknarnefndar og prófasts um tölu kjördeilda, sker biskup úr. Kjörfund skal þó jafnan setja og slíta honum á sama stað. Þrír menn tilnefndir af sóknarnefnd taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju, og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefur hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður, hverjir kjósa skuli á hverjum stað. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annars staðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið á aukakjörstað, skal afhenda sóknarnefnd tafarlaust atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

5. gr.

13. gr. laganna, er verður 16. gr., orðist svo:

Þegar kosningarathöfn er lokið og sóknarnefnd hafa borizt öll kjörgögn úr aukakjördeildum, skal sóknarnefndin athuga og úrskurða þá utankjörfundaratkvæðaseðla, er hún hefur fengið í hendur. Síðan hvolfir hún seðlum úr atkvæðakössunum, svo og þeim utankjörfundaratkvæðaseðlum, sem ekki er ágreiningur um, í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja.

Enn fremur tekur kjörstjórnin ónýtta seðla svo og ónotaða seðla, setur þá í umslög og innsiglar á sama hátt. Að lokum setur hún sér í umslag og innsiglar þá utankjörfundaratkvæðaseðla, er ágreiningur kann að hafa orðið um.

6. gr.

17. gr. laganna, sem verður 20. gr., orðist þannig:

Hafi helmingur kjósenda í prestakalli, þar sem fleiri eru en einn umsækjandi, greitt atkvæði, er sá kjörinn prestur, er flest atkvæði fær, enda séu atkvæði þau, sem hann hlýtur, fleiri en auðir seðlar, sem skilað er við kosninguna.

Reynist auðu seðlarnir fleiri en nemur atkvæðatölu þess, er flest hlýtur atkvæðin, ber að líta svo á, að öllum umsækjendunum sé hafnað, og skal þá auglýsa prestakallið á ný. Hafi aftur á móti eigi fullur helmingur kjósenda greitt atkvæði, skal prestakallið eigi veitt, en biskup skal setja til þess að þjóna prestakallinu þann umsækjanda, er flest hefur hlotið atkvæði, ef hann vill á það fallast. Miðast setningin við allt að því eitt ár, en þá skal prestakallið auglýst að nýju.

#### 4. gr.

Unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar taka þegar við að loknu barna-  
prófi. Þeir greinast í tvenns konar deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því,  
á hvort námið er lögð meiri áherzla.

Unglingaskólarnir eru tveggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í tveimur  
neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með unglingaprófi, og veitir það rétt til  
framhaldsnáms í miðskólum og gagnfræðaskólum.

Miðskólarnir eru þriggja ára skólar. Nám í þeim jafngildir námi í þremur  
neðstu bekkjum gagnfræðaskóla. Því lýkur með landsprófi, miðskólaprófi. Það  
veitir rétt til inngöngu í sérskóla og menntaskóla með þeim takmörkunum, er  
kunna að verða settar í lögum þeirra eða reglugerðum.

Gagnfræðaskólar í kaupstöðum eru fjögurra ára skólar. Gagnfræðaskólar í  
sveitum veita aðeins tveggja ára fræðslu að loknu unglingaprófi. Þó er fræðslu-  
málastjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef forráðamenn gagnfræða-  
skóla óska þess. Nemendur gagnfræðaskóla ganga eftir 2 eða 3 ár undir sama próf,  
sem nemendur unglingaskóla og miðskóla. Burtfararpróf úr gagnfræðaskóla, gagn-  
fræðapróf, veitir rétt til náms í þeim sérskólum, er þess prófs krefjast, og til starfs  
við opinberar stofnanir, eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

#### 5. gr.

Menntaskólar skulu vera samfelldir fjögurra ára skólar og greinast í deildir  
eftir því, sem þörf krefur. Burtfararpróf þaðan, stúdentspróf, veitir rétt til  
háskólanáms. Ákvæði laga þessara hagma ekki rétti Verzlunarskóla Íslands til að braut-  
skrá stúdenta.

Um sérskóla segir í lögum þeirra og reglugerðum hvers um sig.

#### 6. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf. Þó getur háskóladeild krafizt við-  
bótarprófa, ef þörf gerist. Háskólinn greinist í eins margar deildir og þurfa þykir,  
eftir því sem ákveðið verður í lögum hans og reglugerð.

#### 7. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum skólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af  
almannafé.

#### 8. gr.

Öll börn og unglingar eru fræðsluskyld á aldrinum 7—15 ára. Þó getur fræðslu-  
ráð ákveðið að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða  
fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, ef hlut-  
aðeigandi skólanefnd óskar þess. Heimilt er sveitarfélögum með samþykki fræðslu-  
málastjórnar að hækka fræðsluskyldualdur til 16 ára.

#### 9. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað skyldunám sökum fjárskorts, og skal þá veita  
styrk til þess af almannafé.

#### 10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd á fræðslu, skipan skóla hvers stigs og fjár-  
framlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum  
fyrir skóla hvers stigs.

#### 11. gr.

Lög þessi taka gildi 1. febrúar 1947 og koma til framkvæmda á árunum 1947—  
1953, eftir því sem fræðslumálastjórn ákveður í samráði við hlutaðeigandi  
fræðsluráð.